FRÉTTABLAÐIÐ

43. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR 2020



Avi Feldman, rabbíni verðandi trúfélags gyðinga á Íslandi, heldur hér á Torah rollu sem er grundvöllur hvers samfélags gyðinga, og litli söfnuðurinn fékk að gjöf frá svissneskum hjónum. Söfnuðurinn hyggst gerast formlegt trúfélag hér á landi. „Við lesum og lærum úr Torah og það gefur okkur andagift, gildi og leiðsögn," segir rabbíninn. sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Milestone-mál á dagskrá MDE

Kærur Karls Wernerssonar og tveggja endurskoðenda Milestone fá efnismeðferð hjá Mannréttindadómstóli Evrópu. Dómur verður kveðinn upp í máli Sigríðar Elínar Sigfúsdóttur í Strassborg í næstu viku.

DÓMSMÁL Mál Karls Wernerssonar og tveggja endurskoðenda Milestone fá efnismeðferð hjá Mannréttindadómstóli Evrópu (MDE), samkvæmt ákvörðun sem kynnt var fyrr í mánuðinum.

Karl, sem var bæði hluthafi og stjórnarmaður í Milestone, var ákærður fyrir umboðssvik og fleiri brot árið 2013. Karl var sýknaður í héraði en Hæstiréttur sneri dómnum við og sakfelldi hann fyrir alla ákæruliði og dæmdi hann í fangelsi í þrjú og hálft ár.

Endurskoðendurnir voru einnig sýknaðir í héraði en sakfelldir að hluta í Hæstarétti fyrir stórfelld brot á lögum um ársreikninga.

Kærur þeirra til MDE lúta meðal annars að því að Hæstiréttur hafi snúið við sýknudómi í héraði án þess að hlýða á vitnisburði sakborninga eða annarra vitna. Í stað þess hafi Hæstiréttur endurmetið trúverðugleika og sönnunargildi framburðar, sem veittur var í héraði, en dómarar í Hæstarétti sjálfir ekki hlustað á, í andstöðu við rétt þeirra á réttlátri málsmeðferð, samanber 6. grein Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í kæru Karls til MDE er því einnig haldið fram að hann hafi ekki verið dæmdur af óvilhöllum dómstóli vegna fjárhagslegra hagsmuna dómara í Hæstarétti. Er í kvörtuninni vísað til hlutafjáreignar fjögurra af fimm dómurum Hæstaréttar sem felldu dóm í máli hans; Grétu Baldursdóttur, Markúsar Sigurbjörnssonar, Ólafs Barkar Þorvaldssonar og Viðars Más Matthíassonar.



Karl Wernersson.

MDE hefur áður kveðið upp áfellisdóma gegn íslenska ríkinu á þeim forsendum sem vísað er til í málunum. Fjallað var um milliliðalausa sönnunarfærslu í Vegasmálinu svokallaða og í máli um verðsamráð Húsasmiðjunnar og Byko. Þá var til dæmis fjallað um hlutafjáreign dómara í máli Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, og von er á dómi MDE í máli Sigríðar Elínar Sigfúsdóttur gegn Íslandi á þriðjudag. – aá

Bjóða kínverska seðla í skiptum

SÖFN „Þau voru búin að tilkynna um komu sína en við bjuggumst ekki við þessari veglegu gjöf frá þeim," segir Sæmundur Ámundason, framkvæmdastjóri Melrakkasetursins í Súðavík, sem fékk jafnvirði 300 þúsund króna framlags frá kínverskum nemendum.

Sæmundur leitar nú að einhverjum sem getur skipt á kínverskum peningaseðlum og íslenskum krónum, því bankar hérlendis taka ekki við kínverskum seðlum. Kínverska sendiráðið getur heldur ekki leyst vandann. – khg / sjá síðu 2






Lambasteik

MEÐ BÉARNAISE-SÓSU OG KARTÖFLUGRATÍNI


Heit máltíð, tilbúin á 12 mín. | *Hægeldun tryggir að vítamín og næringarefni halda sér.* | *Íslensk framleiðsla, íslenskt kjöt, án allra rotvarnarefna.*

1944
MATUR FYRIR SJÁLFSTÆÐA ÍSLENDINGA

Veður



Norðaustan 13-23 m/s, hvassast NV til. Snjókoma eða él N-lands, en bjart með köflum syðra. Hiti kringum frostmark. Minnkandi norðanátt seinni partinn og kólnar í veðri. SJÁ SÍÐU 20



Eflingarfólk við samningaborðið.

Efling segist vonsvikin

KJARAMÁL Reykjavíkurborg hafnaði í gær tilboði Eflingar til lausnar á kjaradeilu félagsins og borgarinnar. Verkfall Eflingar heldur því áfram. Lýsti samninganefnd Eflingar vonbrigðum með þetta. Tilboð félagsins hafi verið sanngjarnt og hófsamt.

Í yfirlýsingu samninganefndar Eflingar sem beint er til fulltrúa meirihlutans í borgarstjórn segir að í sáttmála meirihlutans frá því í júní 2018 sé tekið fram að hann ætli að leiðrétta laun kvennastétta. Stuðningur sé í samfélaginu við að þetta loforð verði efnt.

„Eina málsvörn ykkar gegn kröfum okkar hefur verið að vísa í kjarasamning á almennum vinnumarkaði, svokallaðan Lífskjarasamning," segir nefndin. Aðilar samningsins úr röðum verkalýðshreyfingarinnar telji hann ekki leysa borgina undan því að semja við Eflingu á sjálfstæðum forsendum.

„Í okkar hópi eru þeir sem fá lægstu útborguðu laun allra á íslenskum vinnumarkaði sökum þess að lágir taxtar eru þakið í launasetningu okkar og vegna þess að mörg okkar hafa ekki aðgang að yfirvinnu eða vaktavinnu," segir samninganefndin áfram.

„Meirihluti okkar eru konur sem eru dæmdar til að lifa á barmi fátæktar, þrátt fyrir að vera í fullri vinnu og halda úti grunnþjónustu sem er svo mikilvæg að jafnvel örfárra daga verkfall setur allt úr skorðum." **– gar**

Hafa mikilvægum skiltum að gegna



Á morgun verður eitt ár liðið frá því að fyrsta loftlagsverkfallið var haldið á Austurvelli. Af því tilefni buðu aðstandendur verkfallsins til skiltagerðar á Loft í gær þar sem gestir spreyttu sig á að útbúa skilti. Mótmælin halda svo áfram á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Blaðamenn fordæma mál gegn Assange

DÓMSMÁL Tólf hundruð blaðamenn frá 98 löndum fordæma í sameiginlegri yfirlýsingu meðferð réttarkerfisins á Julian Assange, stofnanda Wikileaks, sem leitt hafi til kröfu Bandaríkjanna um framsal hans. Verið sé í fyrsta sinn að beita bandarískum lögum um njósnir gegn einhverjum sem birt hefur upplýsingar frá uppljóstrara.

„Allir blaðamenn nota upplýsingar frá heimildarmönnum í trúnaði svo lögsókn setur mjög hættulegt fordæmi sem ógnar blaðamönnum í heiminum og fréttamiðlum," segir í yfirlýsingu blaðamannanna.

Kveðast blaðamennirnir telja fangelsun Assange í Bretlandi og meðferðina á máli hans fyrir dómstólum vera gróft réttarfarsbrot.

Fram kemur að yfir Assange vofi allt að 175 ára fangelsisdómur í Bandaríkjunum vegna ákæra á hendur honum þarlendis. **– gar**

PLUG & PLAY
HITAVEITUSKELJAR
• Tilbúin til notkunar
• Tengja 2 rör
• Eyðir minna vatni
HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKI 1
SÍMI 7772000

Gáfu Melrakkasetrinu peningaseðla frá Kína

Kínverskir nemendur færðu Melrakkasetri Íslands veglega peningjagjöf til rannsókna. Þar sem seðlarnir eru í kínverskri yuan mynt fæst þeim ekki skipt hér á landi. Setrið leitar nú að einhverjum til að skipta á seðlunum við sig.

SAMFÉLAG Melrakkasetur Íslands leitar nú að einhverjum sem getur skipt við það á kínverskum peningaseðlum sem stofnunin fékk í gjöf á síðasta ári. Um er að ræða um 300 þúsunda króna verðmæti í myntinni yuan sem kínverskir nemendur skildu eftir til rannsókna á íslenska refnum á Hornströndum.

Um nokkurra ára skeið hafa komið hópar skólanema frá Wycombe Abbey School í borginni Changzhou í Kína, til að upplifa víðernið á Hornströndum. Um tíu nemendur, 18 og 19 ára, og tveir kennarar. Árið 2018 kom hópurinn í fyrsta skipti við á Melrakkasetri Íslands í Súðavík, fékk fræðslu um íslensku refina og hreifst af.

Sæmundur Ámundason, framkvæmdastjóri Melrakkasetursins, segir að setrið taki mest við innlendum skólahópum en einstaka sinnum við erlendum og þá oftast háskólahópum.

„Þau voru búin að tilkynna um komu sína en við bjuggumst ekki við þessari veglegu gjöf frá þeim," segir Sæmundur en nemendurnir höfðu safnað peningunum fyrir ferðina. „Það eru mikil viðbrigði fyrir þau að koma frá milljóna borg til Hornstranda þar sem engin föst byggð er. Þar er mikið af ref og hann vakti áhuga þeirra."

Starfsmenn setursins lentu hins vegar í vanda með gjöfina því enginn hérlendur banki vildi taka við seðlunum. Þá gat kínverska sendiráðið heldur ekki leyst vandann.

„Okkur var bent á að næsti staður sem við gætum skipt seðlunum væri í London," segir Sæmundur. „Við vitum heldur ekki hversu auðvelt er að ferðast á milli landa með svona háa upphæð í reiðufé." Melrakkasetrið leitar nú að einhverjum sem hefur áhuga á að skipta fénu. Þó að sjálfsagt séu fáir á leiðinni til Kína á þessum tímapunkti þar sem Covid-19 veiran geisar í landinu. Reynt var að hafa uppi á ferðamanninum Wei Li, sem kom hingað til lands til þess að skipta íslenskri smámynt en hafði ekki erindi sem erfiði. Ekki náðist þó í Wei, sem er farinn af landi brott og búinn að gefa smámyntina til góðgerðarmála.



Kínverskir nemendur hafa sýnt Melrakkasetrinu mikinn áhuga.

> **Okkur var bent á að næsti staður sem við gætum skipt seðlunum væri í London.**
>
> Sæmundur Ámundason, framkvæmdastjóri Melrakkaseturs Íslands



Þangað til tekst að skipta seðlunum liggur gjöfin óhreyfð. „Peningarnir skemmast ekkert," segir Sæmundur. Þetta séu ekki krumpaðir seðlar úr búðarkössum, heldur nýir seðlar úr banka.

Nemendurnir góðhjörtuðu ætla að koma aftur á þessu ári og hyggjast færa Melrakkasetrinu gjöf á nýjan leik. „Rektor skólans hefur hins vegar í huga að hafa hana í auðskiptanlegri mynt."

kristinnhaukur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

+PLÚS



Skiltin á Loft

Hópur fólks var saman kominn á skiltagerð á Loft í gær. Tilefnið var að á morgun verður eitt ár liðið frá fyrsta loftlagsverkfallinu á Austurvelli. Hugmyndirnar sem enduðu á skiltunum voru frumlegar og fjölbreyttar en verkfallið heldur áfram sem áður á Austurvelli á morgun.







HONDA

Vetrarklæddur

CR-V HYBRID



Nánari upplýsingar um 5 ára ábyrgð Honda er á www.honda.is/abyrgd. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
HONDA Á ÍSLANDI

CR-V Hybrid með veglegum vetrarpakka

Honda CR-V er einn mest seldi sportjeppi heims og honum fylgir nú veglegur vetrarpakki að verðmæti allt að 565.000 kr. Vetrarpakkinn inniheldur: Vetrardekk, skottmottu, þverboga, skíðafestingar, dráttarbeisli og lakkvörn. Allir nýir Honda bílar eru nú með 5 ára ábyrgð frá Honda á Íslandi.

Komdu í heimsókn í Honda á Fosshálsi 1 og upplifðu Hybrid fyrir lengra komna.

Honda CR-V Hybrid kostar frá


6.390.000 kr.

AWD, sjálfskiptur, 184 hestöfl,
meðaleyðsla 6,9L/100km

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/hondaisland



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Austurstræti óhentugt og óhagkvæmt húsnæði, Austurhöfn betri kostur. Byggingarkostnaður nýrra höfuðstöðva bankans er 11,8 milljarðar króna. Banka-sýsla ríkisins segir mikilvægt að draga úr fjárhagslegri áhættu.

2 Íslenska kokkalandsliðið hafnaði í þriðja sæti á Ólympíuleikunum. Íslenska kokkalandsliðið hefur aldrei náð ofar en í níunda sæti.

3 Drottningin setur Harry og Meghan stólinn fyrir dyrnar. Harry og Meghan mega ekki að nota vörumerkið sitt eftir að þau yfirgáfu konungsfjölskylduna.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is



Í Skagafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kirkjan leyfir háspennulínu

ORKUMÁL RARIK hefur fengið leyfi Kirkjuráðs Þjóðkirkjunnar til að leggja háspennustreng yfir prestssetursjörðina Glaumbæ í Skagafirði.

Í umfjöllun Kirkjuráðs segir að ábúandinn á Glaumbæ hafi fengið málið til umsagnar og samþykkt málið fyrir sitt leyti. „Kirkjuráð samþykkti beiðni RARIK, í ljósi fyrirliggjandi gagna," segir í fundargerð Kirkjuráðs.

Um er að ræða hluta af svokallaðri Blöndulínu 3 sem leggja á frá Blöndustöð til Akureyrar og ætlað er að styrkja flutningskerfi raforku á Norðurlandi. Sumir landeigendur á fyrirhugaðri línuleið hafa andmælt lagningu línunnar um lönd sín. **– gar**

Fjölmiðlar hafi ekki skotleyfi á saklaust fólk í dómsal

FJÖLMIÐLAR Fjölmiðlar hafa ekki skotleyfi á saklaust fólk sem svara þarf til saka, þrátt fyrir meginreglu um að dómþing skuli háð í heyranda hljóði, að mati Afstöðu, félags fanga.

„Sú hegðun að hundelta sakborninga á leið sinni í og úr þinghöldum í dómhúsum landsins til þess að ná af þeim ljósmyndum og myndböndum er ekkert annað en gróft brot á friðhelgi einkalífs," segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu.

Þetta segir Guðmundur í umsögn um frumvarp alþingismannsins Þorsteins Sæmundssonar. Því er ætlað að takmarka heimildir fjölmiðla til að taka upp myndir og hljóð í dómhúsum.

Einelti í skólum, starfsmissir, útskúfun úr vinahópum og áfallastreituröskun eru bara örfá brot þeirrar birtingarmyndar.



Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu

Í umsögninni segir að myndbirtingarnar séu til þess fallnar að stimpla viðkomandi seka um aldur og ævi, þrátt fyrir að hafa ekki hlotið dóm. Myndir valdi fjölskyldum viðkomandi ekki síður skaða. „Einelti í skólum, starfsmissir, útskúfun úr vinahópum og áfallastreituröskun eru bara örfá brot þeirrar birtingarmyndar."

Frumvarpinu fylgi engin áhrif á getu fjölmiðla til að veita dómskerfinu aðhald. Heimild til fréttaflutnings sé ekki takmörkuð.

Í umsögn Félags fréttamanna segir hins vegar að takmörkun á möguleikum til að mynda og ná tali af sakborningum skerði ekki einungis aðgang almennings að upplýsingum heldur einnig möguleika sakbornings á að njóta réttlátrar málsmeðferðar.

Fjölmiðlanefnd telur frumvarpið fela í sér fyrirfram skerðingu á tjáningarfrelsi fjölmiðla en í umsögn stofnunarinnar segir að mikilvægt sé að fjölmiðlar geti áfram rækt þá skyldu sína að miðla fréttum og halda almenningi upplýstum um störf dómstóla, með almannahagsmuni að leiðarljósi. **– aá**

Hjúkrunarfræðinemar ósáttir við stífar kröfur í verknáminu

Nemendur í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands segja kröfur um viðveru svo strangar að þeir megi vart verða veikir og geti jafnvel ekki mætt í foreldraviðtöl barna sinna. Nemendur upplifi mikið stress og séu þreyttir. Deildarforseti segir nemendur fá algeran lágmarkstíma í því klíníska námi sem þeim beri að fá.

SAMFÉLAG „Ég hef fengið ótrúlega mikið af ábendingum og mikill fjöldi nemenda hefur leitað til mín," segir Eyrún Baldursdóttir bekkjarfulltrúi í námsnefnd hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og sviðsráðsforseti, en mikil óánægja ríkir meðal nemenda sem stunda verknám í hjúkrunarfræði, vegna strangra krafna um viðveru.

„Við erum með 95 prósenta mætingarskyldu sem þýðir að í þriggja vikna verknámstörn eru það sex klukkustundir sem við getum verið frá," segir Eyrún. Nemendur á þriðja ári í hjúkrunarfræði eru í verknámi í sextán vikur á þessari önn og segir Eyrún lítið svigrúm, verði nemendur veikir eða komist ekki til náms af einhverjum ástæðum.

„Menningin er sú að ef eitthvað kemur upp á þá átt þú að vinna það upp, sem er auðvitað miserfitt fyrir fólk eftir aðstæðum; hvort það eigi börn og annað," segir Eyrún. Verði barn nemanda veikt í tvo daga beri nemandanum að vinna veikindin upp með tveimur vöktum.

„Það má svo lítið út af bregða til að fólk sé komið í mínus við námið. Hlutir eins og að börn veikist eða álíka hlutir sem eru óviðráðanlegir geta sett allt á hliðina," segir Eyrún.

Kröfurnar bitni mest á þeim sem eigi börn. Það hafi gerst að mæður fái ekki svigrúm til að mæta í foreldraviðtöl barna sinna. „Til mín hafa leitað yfir tuttugu stelpur og margar þeirra eru búnar með öll sín úrræði, svo margar eru þreyttar og stressaðar," segir Eyrún.



Reglur um verknám í hjúkrunafræði fylgja ESB-reglum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Til mín hafa leitað yfir tuttugu stelpur og margar þeirra eru búnar með öll sín úrræði.



Eyrún Baldursdóttir, bekkjarfulltrúi í námsnefnd hjúkrunarfræðideildar HÍ.

Þá nefnir Eyrún mikla umræðu um brottfall og kulnun í stétt hjúkrunarfræðinga. Fyrirkomulag námsins sé ekki til að draga fleiri að eða auka starfsánægju. Sem sviðsráðsforseti er Eyrún fulltrúi nemenda í stjórn heilbrigðisvísindasviðs. Í haust lagði hún þar til að mætingarskylda yrði lækkuð í 85 prósent.

„Sú tillaga var felld en ég ætla að prufa að leggja fyrir tillögu um 90 prósent næst, því ég held að það gæti strax orðið mikill munur. Þá erum við allavega komin með eina vakt á þriggja vikna tímabili. Svo þyrfti jafnvel að koma klausa um veikindi barna og að það yrðu úrbætur fyrir þá nemendur sem mest þyrftu á að halda. Endanlegt markmið er þó einnig að verknám verði metið til launa," segir Eyrún.

Herdís Sveinsdóttir, deildarforseti hjúkrunarfræðideildarinnar, segir reglur um verknám í deildinni fylgja tilskipan Evrópusambandsins og að mikilvægt sé að halda þeim reglum sem settar eru til að halda gæðum námsins. Hjúkrunarfræðideild HÍ raðast í sæti 100 -150 á lista um gæði náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum á heimsvísu.

„Almennt séð er það reynsla mín að þeir hjúkrunarfræðingar sem koma að klínískri kennslu nemenda séu almennilegt fólk sem reynir að koma til móts við nemendur og aðlagar námstíma þeirra, ef eitthvað kemur upp á. Enda er það stefna deildarinnar að koma til móts við nemendur og reyna að taka tillit til sjónarmiða þeirra innan þeirra marka sem eðlilegt getur talist," segir Herdís.

Hún segir mikilvægt að nemendur hljóti þá þjálfun sem nauðsynleg sé hjúkrunarfræðingum og uppfylli þar með mætingarskyldu í verknám. „Grundvallarforsenda sem gengið er út frá er að nemandi fái það klíníska nám sem honum ber og það er alger lágmarkstími sem hver nemandi er í klínísku námi tengdu hverju sérsviði hjúkrunar," segir hún. **birnadrofn@frettabladid.is**



WWW.BILALAND.IS

Tilboðsbílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.


Rnr. 146640

SUZUKI SX4 S-Cross 4WD
Nýskr. 01/16, ekinn 137 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.
***22.281 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 146416

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 03/18, ekinn 104 þ.km, dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.790.000 kr.
***34.521 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 146400

NISSAN Micra Acenta
Nýskr. 10/17, ekinn 13 þ.km, dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.
***23.505 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 332273

BMW X1 Xdrive 18d
Nýskr. 04/16, ekinn 73 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.490.000 kr.
***43.089 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 332238

TOYOTA Yaris Live diesel
Nýskr. 04/17, ekinn 39 þ.km, dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.490.000 kr.
***18.609 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 430709

DACIA Duster 4x4
Nýskr. 07/17, ekinn 72 þ.km, dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.
***23.505 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 110285

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 03/18, ekinn 70 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
4.390.000 kr.
***54.104 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 146228

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 05/17, ekinn 95 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.990.000 kr.
***36.969 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 146176

HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 06/16, ekinn 51 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
4.390.000 kr.
***54.104 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 110243

OPEL Insignia Sports Tourer
Nýskr. 07/18, ekinn 20 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.290.000 kr.
***40.641 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 392091

RENAULT Clio Authentic
Nýskr. 06/14, ekinn 71 þ.km, bensín, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
890.000 kr.
***11.265 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 110229

KIA Ceed SW LX
Nýskr. 07/18, ekinn 26 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.590.000 kr.
***32.073 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 146070

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 06/17, ekinn 92 þ.km, dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.390.000 kr.
***29.625 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 145849

HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 02/18, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.390.000 kr.
***41.865 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**


Rnr. 110095

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 06/17, ekinn 78 þ.km, dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.
***40.549 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

ENNEMM / SÍA / NM98391

Lykill

Allt að 80% lán

Ástandsskoðun

Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland



Álver Ísal. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Orkan hér verði samkeppnishæf

STÓRIÐJA „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á stjórnvöld og aðra hlutaðeigandi að vinna að því að Ísland verði samkeppnishæft fyrir fyrirtæki sem nýta umhverfisvæna orku fyrir starfsemi sína," segir í bókun sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti samhljóma í gær.

» Álverið í Straumsvík er fyrirtæki sem margir byggja afkomuna á, ítrekar bæjarstjórnin í Hafnarfirði.

Kveðst bæjarstjórnin hafa áhyggjur af óvissu um starfsemi álversins í Straumsvík. Er þar væntanlega vísað til fregna um að Rio Tinto boði samdrátt í framleiðslu í Straumsvík eða að hún verði jafnvel alveg lögð af. Er það sagt vera vegna orkuverðs sem félagið greiðir samkvæmt samningi þess við Landsvirkjun og félagið segir ekki vera samkeppnisfært við það sem öðrum álverum standi til boða, bæði á Íslandi og erlendis.

„Er um að ræða rótgróið fyrirtæki sem margir Hafnfirðingar byggja afkomu sína á," undirstrikar bæjarstjórnin. **– gar**

Í viðbragðsstöðu gegn hryðjuverkum



Rússneska alríkislögreglan hélt viðbragðsæfingar gegn hryðjuverkum í gær. Hér má sjá þungbúna sérsveitarmenn á stífum æfingum á Shuvakish lestarstöðinni í Jekaterínburg, Rússlandi. Þar réðust þeir inn í lestirnar og skutu þar á myndir af meintum hryðjuverkamönnum. MYND/GETTY



Torah rolla fyrir nýtt félag gyðinga á Íslandi

Íslenski gyðingasöfnuðurinn hefur fengið að gjöf Torah rollu frá svissneskum hjónum. Samkvæmt rabbína safnaðarins er slík rolla grundvöllurinn að hverju samfélagi. Söfnuðurinn er nú að sækja um að gerast formlegt trúfélag.

TRÚMÁL Íslenski gyðingasöfnuðurinn fékk í síðustu viku afhenta Torah rollu að gjöf. Avi Feldman rabbíni segir þetta einstaklega mikilvægt því Torah sé undirstaða hvers gyðingasamfélags.

„Torah er biblían, handskrifuð á fornhebresku, á pergamenti sem hvert samfélag gyðinga verður að eiga. Við lesum og lærum úr Torah og það gefur okkur andagift, gildi og leiðsögn," segir Feldman. „Torah skilgreinir okkur sem þjóð."

Segir hann Torah eins konar stjórnarskrá gyðinga, sem eru ekki þjóðríki. Gyðingar hafi orðið þjóð áður en þeir áttu land.

Gjöfin kom frá svissnesku hjónunum Adinu og Uri Krausz, í tilefni af 50 ára afmæli Uri, en þau eru búsett í borginni Zürich. Komu þau til Íslands til þess að afhenda gjöfina með viðhöfn.

„Þau vildu gera eitthvað sérstakt og ákváðu því að gefa Torah til safnaðar sem þarfnaðist ritsins. Af einhverjum ástæðum völdu þau okkur og við erum vitaskuld afar þakklát," segir Feldman.

Torah er engin smásmíði í framleiðslu og það tekur heilt ár að skrifa rolluna upp. Feldman getur ekki nefnt neina ákveðna tölu hvað rollan kostar, en það samsvari heildarárslaunum einnar manneskju. „Síðasti stafurinn var ritaður hérna á Íslandi, sem hefur sérstaka merkingu fyrir okkur."

Það tekur nokkra þjálfun að lesa úr rollunni, en textarnir eru einnig til í venjulegum prentuðum bókum. Rollan er aðeins notuð þegar söfnuðurinn kemur saman, svo sem í athöfnum og á helgidögum okkar.



„Við erum vitaskuld afar þakklát," segir Avi Feldman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Verðmæti Tora rollu samsvarar árslaunum einstaklings.

Feldman, sem er upprunalega frá Brooklyn í New York, kom til landsins með fjölskyldu sinni vorið 2018. En fram að því hafði ekkert utanumhald verið um samfélag gyðinga á Íslandi, sem er mjög fámennt. Feldman segir að verið sé, í samstarfi við lögmann, að koma því í kring að söfnuður gyðinga verði skráður sem trúfélag. En það er meðal annars forsenda fyrir því að hægt sé að afla sóknargjalda.

„Við erum búin að fylla út alla pappíra og skila þeim inn. Lögmaður okkar býst við því að þetta verði samþykkt í næsta mánuði," segir Feldman.

Félagið fékk 25 meðmælendur, sem er lágmarksfjöldi til þess að sýslumaður geti staðfest það. Meðmælendurnir þurfa hins vegar ekki að vera skráðir í félagið og Feldman segist ekki vita hversu stór söfnuðurinn verður.

kristinnhaukur@frettabladid.is



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM
DAGANA 20. – 26. FEBRÚAR
Falleg Boss taska fylgir með öllum keyptum Boss Alive ilmum*
*Meðan birgðir endast

HAGKAUP
Snyrtivara

Mikilvægt að þróa nefndirnar áfram

Tilnefningarnefndir geta spilað hlutverk í að laða erlenda fjárfesta að íslenska hlutabréfamarkaðinum. Fjölbreytni mikilvæg svo unnt sé að meta ólíkar útfærslur, að sögn framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs. Virkja þurfi nefndirnar til að leita að frambjóðendum.

Tilnefningarnefndir geta gert skráð félög að álitlegri kosti fyrir erlenda fjárfesta. Mikilvægt er að fyrirkomulagið sé fjölbreytt svo að unnt sé að meta kosti og galla við ólíkar útfærslur. Þá getur verið æskilegt að virkja nefndirnar til að leita að frambjóðendum frekar en að gera þær að stjórnsýslueiningum sem taka við framboðum. Þetta segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

„Markmiðið hlýtur að vera að skipa stjórn á hverjum tíma sem hentar félaginu best að teknu tilliti til aðstæðna á hverjum tíma. Aðstæður breytast og stjórnir og tilnefningarnefndir þurfa að finna verklagið sem leiðir til bestu liðsheildarinnar á hverjum tíma," segir Ólafur sem heldur erindi á vegum Stjórnvísis í dag um ábyrga stjórnarhætti og auknar kröfur um gagnsæi.

Ólafur segir að hvað stjórnarhætti varðar sé nú mest umræða um tilnefningarnefndir, starfsemi þeirra og skipan. Hann segist ekki þekkja orðið marga sem hallmæli tilvist þessara nefnda. Það séu helst „gamaldags, miðaldra karlar eins og hann sjálfur sem hafa þurft lengri tíma til að átta sig á kostum þessa fyrirkomulags".

Meginhlutverk tilnefningarnefndar hjá skráðum félögum er að leggja fram tillögur um næstu samsetningu stjórnar. Þannig getur nefndin metið hvers konar þekkingu vantar í stjórnina, ráðfært sig við hluthafa um frambjóðendur og hagað tillögunum eftir því. Hún getur einnig leitað að frambjóðendum upp á sitt einsdæmi.

Haustið 2014 varð fjarskiptafélagið Sýn fyrst skráðra félaga á hlutabréfamarkaði hér á landi til að skipa slíka nefnd og Skeljungur fylgdi í kjölfarið árið 2016. Tilnefningarnefndir náðu útbreiðslu í Kauphöllinni árið 2018 eftir bréfaskriftir Eaton Vance til þeirra skráðu félaga sem sjóðir bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins höfðu fjárfest í.



Ólafur segir mikilvægt að tilnefningarnefndirnar geri grein fyrir því á hverju val þeirra byggir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nú er staðan þannig að langflest skráð félög í Kauphöllinni hafa komið á fót tilnefningarnefnd en erlendu sjóðirnir, þar á meðal Eaton Vance, hafa dregið verulega úr fjárfestingum sínum í íslenskum hlutafélögum.

„Ákvæðin hafa verið lengi í gildandi leiðbeiningum um stjórnarhætti en það þurfti hvatningu frá erlendum fjárfestum til að koma þessu til leiðar. Þó að erlendum fjárfestum hafi fækkað hljóta allir að vera sammála um að mikilvægt sé að þróa þetta form ef markmiðið er að fá erlent fjármagn til landsins," segir Ólafur.

Aðstæður misjafnar

Of snemmt er að dæma um árangur nefndanna að sögn Ólafs en æskilegt er að þær séu fjölbreyttar þannig að hægt sé að bera kosti og galla á ólíkum útfærslum saman. Þess vegna hafi Birta ekki beitt sér fyrir því að steypa allar nefndir í sama mót.

„Þarfir og aðstæður fyrirtækja eru misjafnar. Það er mikilvægt að þróa þetta með hluthöfum og hagsmunaaðilum, læra af reynslunni og leita leiða til að bæta starfið á milli ára," segir Ólafur.

Sem dæmi í því samhengi nefnir Ólafur að það geti verið óþarft að auglýsa eftir stjórnarmönnum þegar ekki liggur fyrir hvort þörf sé á breytingum eða á því að auka þekkingarbreidd innan stjórnar. Þeir sem vilja setjast í stjórnir skráðra fyrirtækja verði að lágmarki að sýna að þeir geti hjálpað sér sjálfir og leitað til nefndanna, telji þeir sig hafa mikið fram að færa.

„Þegar tíu hafa sótt um kemur svo mögulega í ljós að enginn af þeim sem sóttu um mætir þörfinni. Það getur verið markvissara að virkja nefndirnar til að leita að frambjóðendum frekar en að gera þær að einhvers konar stjórnsýslueiningum sem taka við framboðum. Ef það vantar markaðsþekkingu í stjórnina er hægt að spara lögmönnum og endurskoðendum sporin," segir Ólafur. Auk þess verði að vera samræmi milli orða og gjörða.

> **Þó að erlendum fjárfestum hafi fækkað hljóta allir að vera sammála um að mikilvægt sé að þróa þetta form ef markmiðið er að fá erlent fjármagn til landsins.**
>
> Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs

„Þegar tilnefningarnefndir voru að ryðja sér til rúms töldu margir það óheppilegt að stjórnarformenn ættu sæti í nefndunum en svo skipuðu jafnvel þeir sömu stjórnarformann í tilnefningarnefnd," segir Ólafur.

Rökstyðji val sitt

Þá segir Ólafur að í litlu þjóðfélagi verði eftir sem áður tekist á um þá einstaklinga sem skipa tilnefningarnefndirnar og tengsl þeirra. Því skipti miklu máli að nefndirnar geri grein fyrir tilnefningum þannig að hluthafar og sjóðfélagar lífeyrissjóða viti á hverju valið byggir.

„Einkafjármagnið og stofnanafjárfestar þurfa að koma sér saman um verklag svo að bulli um að lífeyrissjóðum gangi eitthvað annað til en að tryggja langtíma virðisaukningu linni," segir Ólafur.

thorsteinn@frettabladid.is

Ársfundur 2020

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn þriðjudaginn 24. mars kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Dagskrá fundarins

- Venjuleg ársfundarstörf, dagskrárliðir skv. grein 6.6 í samþykktum sjóðsins.
- Kynning tryggingastærðfræðings, tryggingafræðileg staða LV og áhrif hækkandi lífaldurs.
- Önnur mál.

Sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum.
Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 23. janúar 2020
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

live.is

Útfærslan hamlar virkum markaði fyrir tryggingar

Atvinnuvegaráðuneytið hefur til skoðunar að lagfæra nýleg lög um ábyrgðartryggingar ferðaskrifstofa þannig að tryggingafélög, bæði innlend og erlend, sjái hag sinn í að bjóða íslenskum ferðaskrifstofum upp á slíkar tryggingar. Þannig geti iðgjöld komið í stað mikillar fjárbindingar af hálfu fyrirtækjaeigenda.

„Ráðuneytið skilur vandamálið og er með það til skoðunar. Við erum að bíða eftir að sjá hvað kemur út úr því," segir Jóhannes Þór Skúlason framkvæmdastjóri í samtali við Fréttablaðið.

Eins og greint var frá í Markaðinum í gær hafa margar ferðaskrifstofur horft upp á verulega hækkun á tryggingum sem þeim er skylt að útvega eftir gildistöku laganna. Samkvæmt svari frá Ferðamálastofu nam heildarfjárhæð trygginga ferðaskrifstofa um sjö milljörðum króna. Áður en lögin tóku gildi stóð heildarfjárhæðin í 4,3 milljörðum króna og hefur hún því hækkað um tæpa þrjá milljarða króna. Margir eigendur smærri ferðaskrifstofa eiga ekki annarra kosta völ en að fá bankaábyrgð hjá viðskiptabanka gegn þóknun og veði til að verða sér úti um tryggingarnar sem geta hlaupið á tugum milljóna króna.

Jóhannes segir að sænskt tryggingafélag hafi byrjað að bjóða íslenskum ferðaskrifstofum upp á tryggingar fyrir um einu og hálfu ári síðan. Fljótlega hafi komið í ljós að íslensku lögin, sem byggja á Evróputilskipun, hafi verið orðuð með öðrum hætti en sömu lög í nágrannaríkjum. Sænska félagið hafi í kjölfarið dregið sig út af markaðinum og ólíklegt sé að annað tryggingafélag komi inn á markaðinn á meðan lögin eru frábrugðin þeim sem gilda í nágrannaríkjum.


> **Vandamálið er að séríslensk útgáfa af reglugerðinni hefur hamlað því að hér verði virkur markaður fyrir tryggingar af þessu tagi.**
>
> Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF




„Vandamálið er að séríslensk útgáfa af reglugerðinni hefur hamlað því að hér verði virkur markaður fyrir tryggingar af þessu tagi. Nærtækasta lausnin er að kippa því í liðinn þannig að iðgjöld taki við af fjárbindingu," segir Jóhannes.

– þfh


NÝTT FYRIR NÝÚTSKRIFAÐA!



Eilífðarnón
Verð: 4.999.-



Tími töframanna
Verð: 5.899.-




Dante - Víti
Verð: 9.999.-



Slow Travel
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-



Travel Goals
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-



Wonders of the World
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð áður: 5.999.-



Vandaðir CROSS pennar
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 8.499.-
Verð áður frá: 9.999.-

CROSS

ÖLL HNATTLÍKÖN

ALLAR GABOL CLOUD FERÐATÖSKUR



15% AFSLÁTTUR

Vandaðir Pelikan pennar
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 17.841.-
Verð áður frá: 20.989.-

*fást aðeins í verslun okkar í Hallarmúla og ww.penninn.is

Pelikan



30% AFSLÁTTUR



30% AFSLÁTTUR

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 24. febrúar, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Fjallaskíðahópur skinnar upp Móskógahnjúk. Í fjarska sést í Siglufjörð. MYND/ÓMB

Demanturinn upp af Sigló

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Á svæði á Íslandi skarta öðrum eins fjallahring og Siglufjörður nyrst á Tröllaskaga. Þetta eru snarbrött og sérlega tignarleg fjöll sem mörg teygja sig vel yfir 800 m og eru snævi þakin stóran hluta ársins. Þessi fjöll eru mikil staðarprýði en áður en vegurinn yfir Siglufjarðarskarð var lagður fyrir bílaumferð til Siglufjarðar árið 1946 voru þau hinn mesti farartálmi. Með Strákagöngum 1967 opnaðist heilsársvegur og frá 2010 liggur greiðfærasta leiðin til Siglufjarðar í gegnum Héðinsfjarðargöng.

Á Siglufirði morar allt í göngu- og fjallaskíðaleiðum og það er kostur hversu stutt er að uppgöngustöðunum. Ein þeirra skemmtilegustu liggur á tind sem heitir því sérstaka nafni Móskógahnjúkur (690 m). Hann sést víða að en frá Siglufirði minnir hann á fallega slípaðan demant eða píramída. Gangan hefst í Skútudal við mynni Héðinsfjarðarganga Siglufjarðarmegin. Fyrst er fylgt vegi meðfram heitavatnsbóli Siglfirðinga en síðan haldið áfram inn dalinn með ána og gljúfur og foss í henni á hægri hönd. Stefnt er á norðurvegg „demantsins“ sem sífellt verður tilkomumeiri. Á vinstri hönd opnast smám saman útsýni upp á stórkostlega tinda eins og Dísina og snarbrattan Syðri-Fýlaskálahnjúk sem er ein mest krefjandi fjallaskíðabrekka í nágrenni Siglufjarðar. Smám saman er sveigt til hægri og eykst þá brattinn. Stefnt er á 767 m háan Presthnjúk fyrir botni dalsins en af honum er gríðarlegt útsýni, m.a. yfir fjöllin umhverfis Héðinsfjörð, en líka þau sem umlykja Fljótin og Siglufjörð. Presthnjúk er tiltölulega auðvelt að ná gangandi og fyrir sæmilega vant fjallaskíðafólk.

Af tindinum er hægt að halda sömu leið til baka en vant skíðafólk getur haldið ofan í botn Héðinsfjarðar eða skíðað niður brattar norðurhlíðar Presthnjúks. Enn skemmtilegra er að þræða sig eftir hryggjum sem leiða frá Presthnjúki að Móskógahnjúki „bakdyramegin“. Þetta er aðeins fyrir vant göngu- og skíðafólk og ekki fyrir lofthrædda. Einnig verður að gæta vel að snjóflóðum og hafa snjóflóðabúnað með í för. Tilfinningin að standa á tindi Móskógahnjúks er engu lík. Vel sést að Illviðrahnjúk í vestri og fallegu bæjarstæði Siglufjarðar, Hólshyrnu, fjöllum upp af Hestskarði og ofan í Héðinsfjörð. Brekkurnar niður í Skútudal eru langar en brattar og því mikilvægt að fara með gát. Einnig er hægt að skíða niður í Héðinsfjörð og láta sækja sig þar við gangamunnann.




Fókus á hjarta landsins



Norðurveggur Móskógahnjúks líkist óneitanlega demanti eða píramída. MYND/ÓMB



Horft í suður af Syðri-Fýlaskálahnjúk. Mógskógahnjúkur er fyrir miðri mynd og Presthnjúkur aftar til hægri. MYND/TG



Heimild: Hagstofa Íslands

Fólkið á botninum ber ekki ábyrgð á launaskriði hátekjuhópa

Þegar lægst launaða starfsfólkið á íslenskum vinnumarkaði fer fram á kjarabætur heyrast gjarnan háværar raddir um höfrungahlaup, þar sem fólkið á botni launastigans er gert ábyrgt fyrir runu launakrafna upp allan launastigann.

Sanngjörn krafa láglaunafólks um leiðréttingu á óboðlegum kjörum þarf ekki að valda stjórnlausu launaskriði. Höfrungahlaup er ekki náttúrulögmál.

Leiðréttingu – strax!

Samninganefnd Eflingar við Reykjavíkurborg

EFLING
Barátta fyrir betra lífi

VERKFALL – STRIKE – STRAJK – SREIKS – VELGA – STREIKAS – HUELGA

Borgin er í okkar höndum

Björgunin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sérkennilegur björgunarleiðangur hefur í nokkurn tíma farið fram með hávaðalátum undir kjörorðinu: Björgum miðbænum! Þarna er um að ræða aðgerðahóp sem fer mikinn í tíma og ótíma í öllum þeim fjölmiðlum sem honum tekst að troða sér í.

Borgarbúar hafa fæstir tekið eftir því að ástand miðbæjarins sé slíkt að ástæða sé til stöðugra upphrópana um hnignun og stöðnun. Það er helst að andvarpa megi yfir nýbyggingum sem sýna glögglega að nútímaarkitektúr er ekki nokkuð sem ástæða er til að hylla alveg sérstaklega. Annars er ástandið í miðbænum bara nokkuð gott.

Hópurinn sem bjarga vill miðbænum er í nostalgíukasti og vill fylla hann af bílaumferð. Þá dreymir um liðna tíð þegar fólk gat rúntað um miðbæinn, nánast eins og það væri eitt á ferð. Þá var enginn að velta fyrir sér mengun eða þrengslum. Það eina sem skipti máli var vilji viðkomandi, sem ætlaði sér að fara á ákveðna staði og vildi ekki láta neitt stöðva sig. Þannig var gamli tíminn. Nú er annar tími. Tími þar sem áhersla er á göngugötur og aðlaðandi umhverfi. Þar er ekki pláss fyrir bílaumferð. Bílastæði eru hins vegar víðs vegar. Það ætti að nægja, en samt heyrast óánægjuraddir sem fullyrða að meirihluti borgarstjórnar sé að leggja miðbæinn í rúst og neyðarástand eigi eftir að skapast vegna þess að bílaumferð fái ekki að njóta sín þar. Velta má fyrir sér hvort þeir sem svona tala hafi haft fyrir því að vippa sér út úr bílnum og ganga um miðbæinn. Þar er iðandi mannlíf á hverjum degi, en menn sjá það sennilega ekki svo glöggt í gegnum bílrúðuna.

Áhersla meirihlutans í borginni á fjölgun göngugatna og takmörkun bílaumferðar í miðbænum hefur vakið óhefta gremju þeirra bílelskandi, sem taka hvert frekjukastið á fætur öðru í fjölmiðlum. Einn aðaltalsmaður aðgerðahópsins Björgum miðbænum, Bolli Kristinsson fyrrverandi kaupmaður, hefur ítrekað sagt Dag B. Eggertsson vera versta borgarstjóra í sögu Reykjavíkur. Ansi furðuleg fullyrðing þegar um er að ræða borgarstjóra sem hefur í öllum aðalatriðum reynst farsæll í starfi, en býr þó við það ólán að vera í návígi við einn versta minnihluta sem sést hefur í borgarstjórn. Þar er samankominn hópur vælukjóa sem gagga við minnsta tilefni að borgarstjóri eigi að segja af sér.

Dagur B. Eggertsson ætti að eiga nokkuð létt með að afgreiða stóryrði minnihluta borgarstjórnar sem og stórkarlalegar yfirlýsingar aðgerðahóps sem þráir endurkomu einkabílsins í miðbænum. Málstaður þessa hóps er ekki góður og í engum tengslum við raunveruleika nútímans. Í svo að segja öllum stórborgum heims er unnið að því að takmarka bílaumferð. Ferðamenn sem koma til stórborga leita svo yfirleitt uppi göngugötur því þar er notaleg stemning sem fyrirfinnst ekki innan um iðandi bílaumferð. Skoðanakannanir hafa síðan sýnt að íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru hlynntir göngugötum, enda vita þeir að þar er mannlíf, stemning og gróska.

> Velta má fyrir sér hvort þeir sem svona tala hafi haft fyrir því að vippa sér út úr bílnum og ganga um miðbæinn.

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.



JÁRN&GLER

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Halldór



Frá degi til dags

Króna með gati

Fréttablaðið hefur rakið raunir Wei Li sem dröslaði hingað 170 kílóum af skemmdri mynt sem bankakerfið neitaði að breyta í nothæfan gjaldmiðil. Ekki er öll von úti þar sem verðmæti krónupeninganna er tvöfalt á gengi byggingavöruvísitölunnar í raunhagkerfinu. Skömmu eftir hrun komst vélsmiður á Suðurlandi að því að það væri ódýrara að breyta krónum í skinnur með því að gata þær frekar en að kaupa innfluttar í byggingavöruverslunum. Stök brettaskinna kostar tvær krónur í Byko þannig að hæglega má dobla verðgildi ruslgóssins hans Li með einfaldri aðgerð og mátulega nettum bor.

Ginkaupin á eyrinni

Gin er mjög móðins hjá frumkvöðlum þessi misserin og á barnum Kalda streymir stríttt nýtt íslenskt gin sem enn fæst aðeins við Klapparstíginn. Íslenskar jurtir eru þar áhrifamiklar í bragðgöldrum eins þekktasta ginmeistara Bretlands og nefnist drykkurinn Ólafsson eftir skáldinu og náttúrufræðingnum Eggerti Ólafssyni. Arnar Jón Agnarsson, laxveiðileiðsögumaður og fyrrverandi handboltakappi, hefur leitt þróunarvinnuna en bakhjarlar hans eru meðal annars vellauðugir Íslandsvinir frá Bandaríkjunum og Sigurjón Sighvatsson. toti@frettabladid.is

List og menning – já takk



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjavík

Skipta menningarlíf og skapandi listir einhverju máli á okkar háværu tímum? Er ástæða fyrir borgaryfirvöld til að styrkja og styðja menningar- og listalífið? Ég segi já og aftur já. Það er einfaldlega skemmtilegra og meira gefandi að búa, starfa og alast upp í borgum þar sem menningin er blómleg. Menningarborgir eru miklu áhugaverðari en menningarsnauðar borgir. Í þeim eru lífsgæðin meiri, meira andríki, meira stuð, meiri jákvæð upplifun.

Mikilvæg forsenda blómlegs listalífs í Reykjavík er auðvitað að hér sé gott að búa og starfa sem listamaður. Borgin leggur sitt af mörkum til að svo megi vera. Fyrir utan rekstur eigin menningarstofnana og samninga við fjölda annarra menningarstofnana – Borgarleikhúsið, Nýló, Hörpu, Bíó Paradís og svo framvegis – leggur borgin til sérstaka verkefnastyrki og samstarfssamninga sem hægt er að sækja um. Fyrir fáeinum vikum var tilkynnt með fallegri athöfn í Iðnó að borgin veitir 90 styrki til menningarmála árið 2020 fyrir tæplega 60 milljónir króna. Þá eru ótaldir sex Borgarhátíðarsamningar við Iceland Airwaves, RIFF, HönnunarMars, Myrka músíkdaga, Hinsegin daga og Reykjavík Dance Festival fyrir samanlagt 50 milljón krónur í þrjú ár.

Ástæða er til að geta sérstaklega um úrbótasjóð tónlistarstaða. Sjóðurinn var stofnaður síðasta sumar og er ætlað að styrkja smærri tónleikastaði hvað varðar aðstöðu, aðbúnað og aðgengi. Í ár eru veittir átta styrkir til níu tónleikastaða. Þetta er tilraunaverkefni til tveggja ára.

> Það er einfaldlega skemmtilegra og meira gefandi að búa, starfa og alast upp í borgum þar sem menningin er blómleg.

Bíó Paradís

Borgin hefur styrkt reksturinn á Bíói Paradís undanfarin ár. Vegna deilna um leigusamning sem nú hafa risið er mikilvægt að hafa í huga að þar deila tveir einkaaðilar. Borgin er ekki aðili að samningnum. Í mínum huga kemur þó ekkert annað til greina en að Bíó Paradís starfi áfram við Hverfisgötu. Lausn verður að finnast.

Bíó Paradís á sinn þátt í að gera Reykjavík að lífvænlegri menningarborg.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*,
MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Útideyfa



Þorsteinn Pálsson

Upplýsingar Ríkisútvarpsins um sérstakar athafnir Samherja í Namibíu höfðu djúp áhrif á þjóðina. Hvarvetna var kallað eftir aðgerðum til að endurheimta traust. Ríkisstjórnin skynjaði reiðiöldu og samþykkti að bragði áætlun um viðbrögð.

Önnur hlið þessa máls snýr að réttarvörslukerfinu og skattyfirvöldum. Hin hliðin er pólitísk. Framvinda þess hluta málsins er áhugaverð og endurspeglar mjög ólík viðhorf um viðbrögð.

Reynt að drepa málinu á dreif

Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sýndi að hún viðurkenndi að Samherji hafði valdið pólitísku uppnámi. Hún féllst á að þjóðin væri með réttmætar spurningar á vörunum.

Viðbrögðin voru skjót, en innihald áætlunarinnar bar þó merki þess að stjórnarflokkarnir hygðust drepa málinu á dreif. Frumvarpið, sem ríkisstjórnin hefur nú birt í samráðsgátt-inni, staðfestir þennan grun.

Verkefnið í þessum áfanga var að taka á þeim vanda, sem hlaust af því að markmið laga um takmörkun á hámarks heildaraflahlutdeild einstakra fyrirtækja og tengdra fyrirtækja höfðu verið sniðgengin. Niðurstaðan er hálfgerð útideyfa. Höfundar frumvarpsins geta ekki einu sinni staðhæft að það taki á því tilefni, sem almenningur hefur haft fyrir augum.

Ástæðan er hugsanlega sú að ríkisstjórnarflokkarnir líta ekki svo á að gengið hafi verið á svig við markmið laganna.



Málsvörn á brauðfótum

Þegar Samherjaskjölin voru birt bentu margir á að eðlilegt væri að bera saman heildargreiðslur fyrirtækisins fyrir veiðirétt í Namibíu og hér heima. Það er meðal annars áhugavert þar sem veiðirétturinn er tímabundinn í Namibíu en ótímabundinn hér. Sjávarútvegsráðherra hafnaði öllum hugmyndum af þessu tagi strax í upphafi.

Nú hafa þingmenn Viðreisnar, Samfylkingar og Pírata óskað eftir skýrslu frá ráðherra um þennan samanburð. Þjóðin er eigandi auðlindarinnar. Af sjálfu leiðir að ærið tilefni er til að vinna talnaefni eins og þetta upp úr fyrirliggjandi gögnum og birta.

Erfitt er að líta á slíka beiðni öðruvísi en sem framlag til málefnalegrar og upplýstrar umræðu. En í ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur heitir slík upplýsing lýðskrum. Það er málsvörn á brauðfótum.

Róttækar hugmyndir um breytingar

Á vinstri væng stjórnmálanna hafa Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra VG, og Gunnar Smári Egilsson, leiðtogi Sósíalistaflokksins, sameiginlega hafið skipulega baráttu fyrir því að færa útgerðarhætti og byggðamynstur aftur í það horf, sem var fyrir innleiðingu aflahlutdeildarkerfisins á síðustu öld.

Á hægri vængnum hefur Karen Elísabet Halldórsdóttir, varaþingmaður formanns Sjálfstæðisflokksins og bæjarfulltrúi í stærsta bæjarfélaginu sem flokkurinn stýrir, blandað sér í umræðuna um róttækar breytingar með grein í Morgunblaðinu 24. janúar. Þar staðhæfir hún að hinn almenni sjálfstæðismaður vilji sjá „skref í þá átt að fjölga tækifærum nýrra og smærri útgerða með endurskoðun á kerfinu“.

Þetta sýnir að veruleg gerjun er í umræðunni til hægri og vinstri, þar á meðal innan Sjálfstæðisflokksins.

Hófsamar og markvissar tillögur

Á miðjunni hafa allir þingmenn Viðreisnar ásamt þingmönnum úr röðum Samfylkingar og Pírata lagt fram frumvarp, sem skerpir reglur um hámarksaflahlutdeild og á að útiloka að þær verði sniðgengnar, tryggir betra gegnsæi í fjárhagsupplýsingum stærri sjávarútvegsfyrirtækja og mælir á ný fyrir um dreifða eignaraðild í þeim allra stærstu.

Sniðganga um markmið laga um hámarksaflahlutdeild var til þess fallin að grafa undan trausti á fiskveiðistjórnarkerfinu. Þegar lagareglur um dreifða eignaraðild voru felldar úr gildi á sínum tíma var það ljóslega ekki gert í þeim tilgangi að efla traust.

Tillögur flokkanna þriggja eru markvissar en hófsamar og til þess fallnar að endurheimta traust um ákveðna þætti, sem máli skipta.

Engin rök standa til þess að kollvarpa kerfi, sem skilað hefur jafn góðum árangri og raun ber vitni, og valda með því óvissu hjá fyrirtækjunum og fólkinu, sem á allt sitt undir öflugum sjávarútvegi.

Hitt er mikill ábyrgðarhluti að láta viðbrögðin lenda í útideyfu. Það er að gefa þjóðinni langt nef. Tilfinningin er enn sú að þar sé málið statt.

Engin rök standa til þess að kollvarpa kerfi, sem skilað hefur jafn góðum árangri og raun ber vitni.



Grunnþjónusta verður að vera til staðar



Sigrún Sigurgeirsdóttir
rekstrarstjóri minjagripaverslunar í Skaftafelli

Þeir sem vilja búa og starfa á landsbyggðinni verða að geta reitt sig á að grunnþjónusta sé til staðar. Nú hefur Arionbanki tilkynnt fyrirhugaða lokun á Kirkjubæjarklaustri þar sem banki hefur verið í marga áratugi, stjórnendur átta sig líklega ekki á því hvað þjónustan á landsbyggðinni er mikilvæg. Ég starfa í Skaftafelli og þegar spurt er um banka þá er styst að fara að Klaustri, það er ekki valkostur að senda fólk 140 km leið að Höfn eða Vík. Fyrir ferðaþjónustuaðila er einnig mikilvægt að geta komið innkomunni í banka og sótt skiptimynt. Samkvæmt talningum Gyðu Þórhallsdóttur og Rögnvalds Ólafssonar hjá Háskóla Íslands komu að meðaltali um 750 þúsund manns í Skaftafell árlega tvö síðustu ár og yfir 800 þúsund gestir að Jökulsárlóni hvort ár – ég minni á að samkvæmt Hagstofunni voru Íslendingar 356.991 þann 1. janúar 2019. Þegar þjónustustofnunum er dreift um landið þá er mikilvægt að horfa ekki eingöngu á íbúafjöldann, það þarf einnig að skoða fjölda ferðamanna þegar þjónustuþörf er metin. Ég skora á forsvarsmenn Arionbanka að hætta við lokun bankans á Kirkjubæjarklaustri: halda áfram að þjónusta íbúa þar og í nærsveitum, ferðamenn og starfsfólk í ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustan er mikilvæg atvinnugrein í Öræfum. Skaftafell hefur verið þjóðgarður í yfir 50 ár, síðustu árin sem hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Þegar ég flutti aftur heim árið 1999 að loknu námi komu ferðamenn nánast eingöngu á sumrin. Það er erfitt að halda þekkingu og reynslu í greininni sé starfsmannaveltan mikil og heilsársstörf eru fá ef ferðamenn koma bara í örfáar vikur. Þá grunaði engan að árið 2020 yrði úrval af hótelum og gististöðum í Öræfum í góðum rekstri allt árið.

Á næsta bæ við mig búa frumkvöðlar í ferðaþjónustu, þau eru með ferðir frá fjöru til fjalla og margir Öræfingar starfa hjá þeim. Tækifærin eru til staðar og ferðaþjónustan hefur bætt lífsskilyrði margra hér.

Áskoranir eru margar á landsvísu. Það þarf að styrkja búsetu til að halda uppi samfélagi á landsbyggðinni: byggja upp vegakerfið, efla löggæslu, heilbrigðisþjónustu, skóla, leikskóla, þjónustu við aldraða og fatlaða. Standa vörð um sögu og menningu en á sama tíma skapa ný atvinnutækifæri. Samfélagið okkar er að breytast og við þurfum einnig að taka vel á móti nýbúum, njóta þess sem þeir hafa fram að færa og hjálpa þeim að kynnast tungumáli okkar og menningu.

Íslendingar eru þekktir fyrir góða samstöðu þegar á þarf að halda. Eflum atvinnu og grunnþjónustu í sveitum landsins þar sem ferðaþjónustan helst í hendur við hefðbundinn búskap. Veitum góða þjónustu í þéttbýliskjörnum og tryggjum greiðar samgöngur að höfuðborginni okkar allra.

Fjármálalæsi á heima í skólakerfinu



Svanhildur Sigurðardóttir
markaðs- og kynningarstjóri Lífsverks lífeyrissjóðs

Skattur, persónuafsláttur, lífeyrissjóður, lífeyrisréttindi. Veröldin sem blasir við er ekki alveg einföld þegar við tökum fyrstu skrefin á vinnumarkaði. Ungt fólk vill að hlutirnir séu einfaldir, skýrir og aðgengilegir til að skilja, helst með fáeinum farsímasmellum! Veruleikinn er hins vegar ögn flóknari en svo og einfaldast ekki af sjálfu sér.

Samtal um fjármálalæsi er nauðsynlegt og þarf að eiga sér stað á heimilum og á vinnustöðum. Fjármál í víðasta skilningi eru reyndar þess eðlis í umhverfi okkar allra að fræðsla um þau á heima í skólakerfinu strax á efstu stigum grunnskólans og ofar í skólakerfinu eftir atvikum. Þar vísa ég ekki síst til áhugaverðrar reynslu minnar sem þátttakanda í verkefninu Fjármálavit sem Samtök fjármálafyrirtækja standa að og Landssamtök lífeyrissjóða styðja. Útbúið var námsefni og starfsfólk fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða hefur síðan lagt verkefninu lið með því að fara í grunnskóla landsins, hitta fyrir þúsundir nemenda í tíunda bekk, ræða málin og láta þá fást við tiltekin viðfangsefni sem tengjast eigin veruleika og viðfangsefnum í daglegu lífi.

Í verkefninu Fjármálaviti höfum við tekið fyrir venjulegan launaseðil sem ungmennin fá við útborgun strax í unglingavinnunni en leggja gjarnan til hliðar án þess að spá í hvað á honum stendur. Auðvitað kemur á daginn að ungmennin vita mest lítið eða alls ekkert um til dæmis lífeyrissjóði eða stéttarfélagsgjöld sem af eru tekin og réttindi sem þau veita. Reynsla af samskiptum við nemendur í grunnskólum bendir þannig til þess að foreldrar og aðrir uppalendur sinni ekki umræðu um ýmsa nærtæka þætti fjármála. Ég velti líka fyrir mér hlut atvinnurekenda. Má ekki hugsa sér að þeir reyni að ná til yngstu starfsmanna sinna með einföldum upplýsingum um launaseðilinn um leið og ungmennin ráða sig til starfa?

Ungmennin okkar eru klár, áræðin og eldfljót að tileinka sér tækni og möguleika sem tölvur og samskiptatæki bjóða upp á. Áreitið er hins vegar lúmskt úr mörgum áttum og til að mynda er lítið mál að slá vafasöm lán í símanum sínum með fáum smellum til að freista þess að fleyta sér yfir einhvern fjármálahjalla. Slík skyndiredding getur hins vegar orðið upphaf að keðjuverkun með nýjum og enn brattari hjalla að klífa.

Reynslan af Fjármálaviti sýnir að ungt fólk er móttækilegt fyrir upplýsingum um meginatriði fjármála strax í grunnskóla. Áskorun okkar er að finna skilaboðunum form og farveg sem hæfir tíðarandanum á hverjum tíma. Í þeim efnum breytast hlutir hratt.

Í einfölduðu máli aðhyllist ungt fólk heiðarleika og gegnsæi í samfélaginu en hafnar pukri og undirmálum. Það horfir á veröldina sem heild og horfir fram hjá ýmsum „landamærum“ í stjórnmálum, viðskiptum og samskiptum sem fyrri kynslóðir eru uppteknar af. Í þeim skilningi er það frjálslyndara en eldri kynslóðir, skiptir hiklaust um skoðun eða breytir hegðun gagnvart viðteknum venjum ef því býður svo við að horfa. Það velur sér efni fjölmiðla á þeim tíma sem því hentar og hallast mun frekar að myndrænni framsetningu efnis en texta.

Ef við þurfum að útskýra iðgjald og réttindaávinnslu í lífeyrissjóði, stéttarfélagsgjald, útsvar eða persónuafslátt með teikningum og myndböndum á YouTube en ekki í löngu máli – munnlegu eða skriflegu – þá einfaldlega gerum við það!

Þörfin er fyrir hendi, viðfangsefnin eru tiltölulega skýr og aðferðafræðin er í sjálfu sér augljós. Við þurfum að vera tilbúin til að bæta kerfið okkar, breyta venjum og ræða hlutina eins og þeir eru, eins og unga kynslóðin þegar það á við.

Tökum þetta öll til okkar og gerum betur; foreldrar, skóli, atvinnurekendur, bankar og aðrar fjármálastofnanir. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn.



Bókvit, afköst, askar og ábyrgð



Linda Markúsardóttir
ritari Fræðagarðs – Félags háskólamenntaðra

Grunnkrafan í siðuðu samfélagi ætti að vera sú að allir nái endum saman og geti í einum og sama mánuði bæði borðað og brotið tönn. Hver sem menntun, félagsleg staða eða pólitísk viðhorf eru hlýtur fólk að geta sammælst um það. Hér ætla ég að fjalla um gildi háskólamenntunar fyrir samfélagið. Margir hafa ekki kost á því að fara í háskóla og aðrir kjósa að láta það ógert af ýmsum ástæðum. Ekki skal vanmeta þeirra hlut í því að viðhalda gangverki þjóðfélagsins. Þar fyrir utan er ekki allt háskólanám jafngilt og þörfin fyrir mannskap með hinar og þessar gráðurnar er mismikil. Engu að síður er það staðreynd að menntuðum samfélögum vegnar betur og allt háskólanám nýtist með einum eða öðrum hætti, enda krefst það skipulags, þekkingarleitar, vekur upp spurningar og umræður um álitaefni og stuðlar að nýsköpun.

Lýðhyggja (e. populism) er í örum vexti víðs vegar um heiminn en hún elur almennt á ótta og reiði. Ótta við að tapa öllu sínu, ótta við aðra menningarheima og ótta við allt það sem er öðruvísi. Hátt menntunarstig þjóðarinnar er öllum til bóta og hindrar að vanþekking og ástæðulaus ótti brjóti niður grunnstoðir samfélagsins. Það verður því að vera þess virði að fara í framhaldsnám. Það verður að vera þess virði að taka á sig launaleysi/ launaskerðingu í þann tíma sem námið tekur. Það verður að vera þess virði að koma síðar inn á vinnumarkaðinn. Það verður að vera þess virði að taka námslán fyrir þá sem þau þurfa. Hver er hvatinn fyrir fólk að mennta sig ef launamunurinn er lítill sem enginn þegar upp er staðið og litið er til ævitekna? Ævitekjur vísa til þeirra tekna sem einstaklingur aflar starfsævina alla. Hver er hvatinn fyrir fólk ef háskólamenntun er nánast notuð sem skammaryrði? Hver er hvatinn fyrir fólk ef vísa á til háskólamenntaðra sem fitulagsins í þjóðfélaginu sem alltaf fái mest?

Dr. Kári Stefánsson, hinn skoðanaglaði stofnandi Íslenskrar erfðagreiningar sagði nýlega að ekkert réttlæti fælist í því að laun þeirra sem hafa mikla menntun væru hærri en þeirra sem hafa litla menntun. Eingöngu ætti að tengja laun við afköst og ábyrgð. Ef unnið er með fólk, hvernig mælum við afköst? Eiga grunnskólakennarar að fá bónus fyrir hvert barn sem fær A? Fyrir hvert barn sem verður forstjóri? Hver á svo að meta ábyrgð starfa? Kári? Ábyrgðarmatsnefnd? Á hvaða launum ætti hún að vera? Þjóðfélagið þarf á sérfræðingum að halda, það er óumdeilanlegt. Sérfræðikunnátta og menntun á að vera þess virði að hennar verði örugglega aflað, nú sem og í framtíðinni. Jafnvel þótt Kári Stefánsson sé ósammála.

Svefn – Ó, vísindi!



Eysteinn Pétursson
eðlisfræðingur á eftirlaunum

Í Fréttablaðinu 24. janúar síðastliðinn er viðtal við Erlu Björnsdóttur, konu með stórar hugsjónir. Viðtalið ber yfirskriftina „Fljótum illa sofin að feigðarósi“. Ekkert minna! Erla er sögð sálfræðingur og með doktorspróf í líf- og læknavísindum frá Háskóla Íslands. Eins og fyrirsögnin ber með sér er Erlu annt um að við Íslendingar fáum nægan svefn, og er það virðingarvert. Hún heldur því fram að við Íslendingar séum í stórhættu vegna of lítils svefns. Doktor Erla segir: „Því miður sefur mjög stór hluti fólks allt of lítið í dag og við Íslendingar erum alveg einir á báti í þessu, en samkvæmt nýjustu tölum segist um þriðjungur sofa sex tíma eða minna, sem er bara orðinn hættulega lítill svefn sem eykur líkur á alls konar sjúkdómum, skerðir lífslíkur og fleira“.

Vera kann að Íslendingar sofi minna en aðrar þjóðir, en ekki er ég viss um að til séu óyggjandi rannsóknir því til staðfestingar, og engar tölur bendir Erla á í því sambandi, segir einungis að tölur séu til um lítinn svefn Íslendinga. En sé þetta rétt hljótum við mörlandarnir að lifa afar heilbrigðu lífi að öðru leyti, þegar litið er til þess að meðalævi okkar er með því lengsta sem gerist meðal þjóða. Og hamingjan almennt sú mesta!

Erla vitnar óspart í mikinn gúrú í svefnrannsóknum, Matthew Walker, prófessor við Berkeley háskóla í Kaliforníu. Erla segir hann „einn þekktasta svefnsérfræðing heims“ og „bara poppstjörnu í þessum heimi“. Sá hefur gefið út bókina „Why We Sleep“ sem farið hefur „sigurför um heiminn“ og hefur hann verið fenginn til að halda stjörnuerindi á ráðstefnu um svefn í Hörpu í haust og freista þess þar með að fá Íslendinga til að sofa nóg. Erla telur erindi hans verða „klárlega það stærsta sem hefur verið gert í þessum málum fyrir almenning á Íslandi“.

Í viðtali við Sigurlaugu Margréti Jónasdóttur í þættinum „Segðu mér“ á Rás 1 27. janúar, lýsir Erla því hve glöð hún hafi orðið þegar hún frétti að Donald Trump segðist bara þurfa að sofa fjórar klukkustundir á sólarhring. „Þar væri kominn einhver sem sýndi það að við þyrftum að sofa meira“ sagði Erla. Ja há! Er það nú alveg víst að Trump væri eitthvað betri þótt hann svæfi meira? Og ætli séu ekki til „góðir“ menn og réttsýnir og í þokkalegu standi andlega, sem sofa álíka mikið og hann? Og „vondir“ menn sem sofa 8 klukkustundir eða meira? Hvað sem öðru líður, virðist svefnskortur Trumps ekki hafa komið í veg fyrir árangur á sviði viðskipta og stjórnmála, né er svo að sjá sem svefnvenjur hans hafi stytt ævi hans til muna; kominn á 74. aldursárið.

Ýmsar fleiri vafasamar fullyrðingar eru í þessum viðtölum en hér hafa verið taldar. Gaman væri að sjá tölur sem styðja þær, t.d. þá að svefn sé „mikilvægasta og öflugasta forvörn gegn andlegum og líkamlegum sjúkdómum“. Svefninn er náttúrlega nauðsynleg forsenda lífsins, svefnlaus myndum við ekki lifa lengi. Hið sama gildir um fæðuna, og er vandséð hvort er mikilvægara, hún eða svefninn. En hve mikið þarf af þessu tvennu virðist nokkuð einstaklingsbundið. Og ætli fæðan sé ekki nokkuð öflug forvörn gegn sjúkdómum, ef út í það er farið? Og varðandi svefninn og andlega heilsu má kannski spyrja spurningarinnar sígildu um eggið og hænuna.

Lokaorð: Það sem doktor Erla Björnsdóttir hefur hér látið frá sér fara getur varla talist merki um vísindalegan þankagang. En sá veikleiki er svo sem ekki einskorðaður við hana í hópi „lífvísindamanna“ nútímans.

með málshætti

Sirius Súkkulaðipáskaegg

NÓI SÍRÍUS

Gleðilega páska




Gleðilega páska

Páskaeggin frá Nóa Síríus eru án efa orðin ein af ríkustu hefðunum í páskahátíð Íslendinga.
Undirstaða páskaeggsins er vitaskuld hið ljúffenga súkkulaði frá Nóa Síríus.

Ekki má gleyma málshættinum sem gefur páskaeggjum Nóa Síríus hinn hátíðlega blæ.
Þessi vinsæla hefð sameinar kynslóðir og skapar ljúfar minningar með þjóðinni.

cocoa HORIZONS



Samkvæmt könnun YouGov finnst 60 prósent enskra áhorfenda að VAR hafi ekki tekist nægilega vel. Alls sögðu 67 prósent að VAR gerði fótboltann leiðinlegri áhorfs. MYND/GETTY

Rangstaðan hans Wengers

Arsene Wenger núverandi yfirmaður reglunefndar FIFA, hefur kynnt nýja rangstöðureglu. Verði hún samþykkt myndi hún verða tekin upp 1. júní. Ísland yrði fyrsta landið til að taka regluna upp, þó hér sé ekkert VAR. Formaður dómaranefndar KSÍ efast þó um að hún verði samþykkt strax.

FÓTBOLTI Arsene Wenger, fyrrverandi stjóri Arsenal og núverandi yfirmaður reglunefndar FIFA, hefur kynnt nýja rangstöðureglu sem mun, ef hún verður samþykkt, verða tekin upp á Íslandsmótinu í sumar. Hún verður þó ekki notuð á EM í sumar. Boðuð reglubreyting hefur fallið í misgrýttan jarðveg. Breska blaðið Independent segir einfaldlega að hugmynd Wengers sé skelfileg og dregur hvergi undan í skrifum sínum. Alls hafa 27 mörk verið dæmd af liðum í enska boltanum sökum rangstöðu vegna VAR, oft þar sem millimetrar skiptu máli – nú síðast þar sem Oliver Giroud skoraði fyrir Chelsea gegn Manchester United því stóra tá hans var dæmd rangstæð. Áður hafa handarkrikarangstæður verið til umræðu og þessu vill Wenger breyta.

„Leikmaður verður ekki rangstæður ef einhver hluti líkama hans, sem getur skorað mark, er í línu við aftasta varnarmann jafnvel þó aðrir hlutar líkamans séu fyrir framan varnarmanninn," segir Wenger. „Við fáum ekki lengur rangstöðuákvarðanir sem ráðast á millimetrum þar sem sóknarmaðurinn er fyrir framan varnarmanninn," bætti Frakkinn við.

Þóroddur Hjaltalín, formaður dómaranefndar KSÍ, var ekki búinn að sökkva sér ofan í tillögu Wengers þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans á Akureyri, en hann er að undirbúa komandi ársþing KSÍ sem fram fer um helgina. Honum líst þó vel á, en telur ólíklegt að þetta verði samþykkt á næsta fundi IFAB. Finnst líklegra að þetta verði tekið til umfjöllunar og frekari skoðunar fyrst.

„Í dag er þetta þannig að ef einhver hluti líkamans er fyrir innan þá er leikmaður dæmdur rangstæður. Eins og Giroud markið hjá Chelsea þar sem löppin var fyrir innan. Eins og ég er að skilja þetta þá þarf allur líkaminn að vera fyrir innan. Að það sé meira klippt og skorið. Ég þarf þó aðeins að kynna mér þetta betur."

Þeir sem skrifa knattspyrnulögin, IFAB, ætla að hittast í Belfast 29. febrúar og ræða komandi breytingar. Verði þetta samþykkt munu þær taka gildi 1. júní en þó er búið að segja að þær muni ekki verða notaðar á EM. Reglan verður þó, ef samþykkt, væntanlega notuð hér á landi jafnvel þó VAR sé ekki í notkun hér á landi. Gamla góða mannsaugað er enn við lýði hér á landi. „VAR eins og UEFA kynnir þetta og notar í Meistaradeildinni til dæmis og Evrópudeildinni og landsliðunum líka, er ekki notað nema það séu augljós mistök dómara. En í rangstöðunni er þetta ekki jafn auðvelt. Þar eru komin mælitæki sem geta sagt til um hvort leikmaður er rangstæður eða ekki miðað við regluna eins og hún er í dag. Það er bara alls ekkert augljóst við það og er svolítið kjánalegt að hafa hluta af reglunum þannig að hið mannlega auga geti ekki séð atvikið. Í gamla daga var það þannig að sóknarmaðurinn naut vafans en með VAR er ekki neinn vafi. Ég held að ég kvitti undir svona breytingu, án þess að hafa kynnt mér hana til hlítar."

Þóroddur segir að Íslendingar séu yfirleitt fyrstir með allar reglubreytingar sem séu samþykktar á þessum IFAB fundum. „Þetta hefur auðvitað minni áhrif á okkur þar sem við erum ekki að notast við VAR en við höfum alltaf byrjað Íslandsmótið út frá nýjustu reglubreytingum – sem er ákveðið á þessum fundi. Við fáum undantekningu frá IFAB til að byrja með reglurnar fyrr og tökum þær inn í Íslandsmótið frá byrjun."

boas@frettabladid.is

Ódýrara VAR í boði

Þóroddur fylgist með þróunn VAR og segir að innan tíðar muni bjóðast nýir og ódýrari valkostir en þeir sem eru í notkun núna. „Við fylgjumst vel með. Danir eru að byrja og Svíar munu væntanlega fylgja í kjölfarið. Tíminn vinnur með okkur því það eru alls konar tæknifyrirtæki um allan heim sem eru að þróa þetta frekar. Það eru nýir aðilar að kynna sínar útfærslu á VAR og það eru einhver kerfi sem kosta mun minna en VAR kostar í dag. Fyrir ári síðan var þetta milljóna dæmi á hvern leik en þetta horfir allt til betri vegar og kostar aðeins brotabrot.

Það skiptir engu hvað mér finnst um VAR en þetta er það sem koma skal. Við erum að fara að horfa á tvær tegundir af fótbolta. Með og án VAR og auðvitað viljum við vera með puttana á púlsinum. Það verður til dæmis VAR í landsleiknum Ísland-Rúmenía og við þurfum að stökkva á vagninn."




Hver man ekki eftir fagni Pep Guardiola og Manchester City þegar þeir héldu að liðið væri loksins komið í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

> **Leikmaður verður ekki rangstæður ef einhver hluti líkama hans, sem getur skorað mark, er í línu við aftasta varnarmann jafnvel þó aðrir hlutar líkamans séu fyrir framan varnarmanninn.** Arsene Wenger



> **Í gamla daga var það þannig að sóknarmaðurinn naut vafans en með VAR er ekki neinn vafi. Ég held að ég kvitti undir svona breytingu, án þess að hafa kynnt mér hana til hlítar.** Þóroddur Hjaltalín



AÐALFUNDUR MAREL HF. 2020

Aðalfundur Marel hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, miðvikudaginn 18. mars nk., kl. 16:00.

Dagskrá:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
3. Skýrsla forstjóra.
4. Ársreikningar félagsins fyrir starfsárið 2019 lagðir fram til staðfestingar.
5. Ákvörðun hvernig skuli fara með hagnað fyrir árið 2019.
6. Skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu félagsins.
7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna árið 2020.
9. Ákvörðun um greiðslu til endurskoðanda fyrir liðið starfsár.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
    - 10.1. Grein 2.2 – Tillaga um breytingu orðalags til að endurspegla það að nafnvirði hluta í félaginu er í íslenskum krónum, þar til skráningu hlutafjár hefur verið breytt í evrur.
    - 10.2. Grein 2.4 – Tillaga um breytingu orðalags til að skýra betur heimild stjórnar til að skrá hlutafé félagsins í evrum.
    - 10.3. Grein 2.10 – Tillaga um breytingu orðalags til að skýra betur skyldu hluthafa til að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma.
    - 10.4. Grein 4.2 – Tillaga um að bæta við orðalagi um rétt hluthafa til að koma með ráðgjafa á hluthafafund og að stjórnarmönnum sé heimilt að mæta á hluthafafund.
    - 10.5. Grein 4.11 – Tillaga um að breyta ákvæði um lögmæti aðalfundar þannig að hluthafafundur sé lögmætur án tillits til fundarsóknar ef löglega er til hans boðað.
    - 10.6. Ný grein 4.16 – Tillaga um að bæta við nýrri grein þess efnis að stjórn sé heimilt að halda hluthafafund annars staðar en á heimili félagsins.
    - 10.7. Grein 4.16 – Tillaga um að breyta orðalagi um birtingu boðunar hluthafafundar í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995.
    - 10.8. Grein 4.17 – Tillaga um að taka út ákvæði um fjögurra vikna hámarksboðunarfrest fyrir hluthafafundi.
    - 10.9. Grein 4.18 – Tillaga um að breyta orðalagi þannig að það endurspegli ákvæði 88. gr. c. laga um hlutafélög nr. 2/1995, varðandi atriði sem greina skal í boðun hluthafafundar.
    - 10.10. Grein 4.21 – Tillaga um að breyta orðalagi þannig að það endurspegli ákvæði 4. mgr. 88. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, þess efnis að dagskrá og tillögur séu aðgengileg á skrifstofu félags 14 dögum fyrir aðalfund.
    - 10.11. Grein 5.3. – Tillaga um að stytta framboðsfrest til stjórnar úr 5 í 14 daga fyrir fund.
    - 10.12. Grein 5.5. – Tillaga um að upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skuli lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, í stað tveggja daga.
11. Kosning stjórnar félagsins.
12. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
13. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstörf munu fara fram á ensku.

Sérstaklega er bent á að hluthafar sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni í Amsterdam sem óska eftir því að mæta og kjósa á aðalfundinum þurfa að tryggja að vörsluaðili hlutabréfanna hafi skráð mætingu á fundinn í vefgátt ABN AMRO og hún hafi borist félaginu fyrir kl. 12 á hádegi á fundardegi. Þetta gildir um alla hluthafa, innlenda sem og erlenda, sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni, einnig þá sem eiga líka hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi.

Kosningar á aðalfundinum munu fara fram á rafrænan hátt, með Lumi AGM snjallforritinu eða Lumi AGM veflausninni. Hluthafar eru hvattir til að hala niður Lumi AGM snjallforritinu á snjalltæki sitt, t.d. farsíma eða spjaldtölvu, áður en fundurinn hefst.

Stjórn Marel hefur ákveðið að heimila hluthöfum að kjósa með rafrænum hætti fyrir aðalfundinn. Rafræn kosning vegna hlutabréfa sem skráð eru á Nasdaq á Íslandi fer fram í gegnum hluthafagátt Marel hjá Computershare A/S. Rafræn kosning vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext kauphöllinni í Amsterdam fer fram í gegnum vefgátt ABN AMRO. Notendanöfn og lykilorð verða send til allra hluthafa sem eiga hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi sem eru með heimilisföng skráð í hlutaskrá Marel í lok dags 19. febrúar 2020. Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi geta einnig beðið um notendanafn og lykilorð í gegnum hluthafagátt Marel sem aðgengileg er á vefsíðu Marel. Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni í Amsterdam þurfa að láta vörsluaðila hlutabréfa sinna vita hvernig þeir vilja kjósa og vörsluaðilar skila atkvæðunum í gegnum vefgátt ABN AMRO. Atkvæði þurfa að berast félaginu í gegnum hluthafagátt Computershare eða vefgátt ABN AMRO fyrir klukkan 12 á hádegi á fundardegi.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 föstudaginn 13. mars n.k.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar. Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 sunnudaginn 8. mars n.k. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekin fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsvæði félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn.

Á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. frekari upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2019, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 18. febrúar 2020, reglur um rafræna kosningu auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.


Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum 14 dögum fyrir fundinn á framangreindum vef félagsins sem og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja aðalfund fyrir sína hönd. Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Skráning á fundinn hefst á fundarstað kl. 15:00.

Stjórn Marel hf.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

20. FEBRÚAR 2020 FIMMTUDAGUR



†

Elsku sonur okkar, bróðir og mágur,

Guðjón Ingi Sigurðarson

lést fimmtudaginn 13. febrúar.
Útförin verður frá Grafarvogskirkju mánudaginn 24. febrúar kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti Lauf, Félag flogaveikra, njóta þess.

Halldóra Kristín Guðjónsdóttir
Sara Diljá Sigurðardóttir
Giulia Mirante
Sigurður Sigurðarson
Gísli Gautason



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Margrét Jafetsdóttir

kennari,
Dalbraut 16, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 18. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

Ari Hálfdanarson
Finnbogi Rútur Hálfdanarson
Guðmundur Hálfdanarson
Jóna Hálfdánardóttir
Guðrún Hálfdánardóttir
Halldóra Hálfdánardóttir
Guðbjörg Sesselja Jónsdóttir
Guðrún Edda Guðmundsdóttir
Þórunn Sigurðardóttir
Einar Már Guðmundsson
Sigurður Árni Sigurðsson
Hilmar Þór Karlsson

barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma og langamma,

Ólafía Katrín Hansdóttir

sem lést sunnudaginn 9. febrúar, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 24. febrúar klukkan 13.00.

Ingiríður Hanna Þorkelsdóttir
Elsa Sigurveig Þorkelsdóttir
Indriði Þorkelsson
Valdís Brynja Þorkelsdóttir
Már Guðmundsson
Anna María Soffíudóttir

barnabörn og langömmubörn.



†

Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

Pétur Emil Júlíus Þorvaldsson Kolbeins

lést þann 11. febrúar sl. á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
Útförin fer fram 24. febrúar kl. 13 í Bústaðakirkju.

Ólafur J. Kolbeins
Sjöfn Sóley Kolbeins
Guðborg Hildur Kolbeins
Ósk Laufdal
Sigurður Jensson
Tómas Á. Sveinbjörnsson

barnabörn og langafabörn.



†

Ástkær eiginmaður minn,

Hallgrímur Sveinsson

fyrrverandi skólastjóri á Þingeyri, staðarhaldari á Hrafnseyri, bókaútgefandi Vestfirska forlagsins og léttadrengur á Brekku í Dýrafirði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 16. febrúar.
Útförin fer fram frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 22. febrúar klukkan 14.00.

Guðrún Steinþórsdóttir

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



„Ég byrjaði bara að æfa í maí eða júní 2019 en hef samt alltaf verið sterk," segir Sigríður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Með kraftana til Ohio

Sigríður Sigurjónsdóttir heldur senn til Ohio í Bandaríkjunum að keppa á kraftlyftingamóti fyrir fatlaða sem haldið verður dagana 7. og 8. mars. Hún æfir nú af kappi.

Sigríður Sigurjónsdóttir ber titilinn sterkasta fatlaða kona Íslands eftir mótið Viking Strength challenge sem haldið var hér á landi á síðasta ári. Þar með vann hún sér keppnisrétt á tveimur mótum erlendis á þessu ári, það fyrra er Arnold Disabled Strength Competition /Arnold Open, sem fram fer í Ohio í næsta mánuði. Það síðara, World's Strongest Disabled Man (and Woman), verður haldið í Þýskalandi í júní. „Eftir þennan sigur í fyrrasumar hef ég æft af kappi með það í huga að taka þátt í að minnsta kosti öðru hvoru þessara móta og nú læt ég slag standa og stefni á Arnold. Það er fyrst núna sem verið er að byggja upp og halda svona kraftlyftingakeppnir fyrir fatlaða einstaklinga í heiminum. Ég verð eini íslenski keppandinn á þessu móti og jafnframt fyrsta íslenska fatlaða konan sem keppi á svona móti erlendis," segir hún og lýsir því hvernig hugmyndin að iðkun kraftlyftinga kviknaði.

„Í fyrravor var verið að sýna keppni um sterkustu fötluðu konu heims í sjónvarpinu, þar var einn keppandi sem sagði að sig langaði að fá fleiri konur í þessa grein. Það varð mér innblástur til að fara að æfa. Ég byrjaði bara að æfa í maí eða júní 2019 en hef samt alltaf verið sterk."

> **Ég þakka kraftana því að ég ólst upp í sveit við hollan mat og sinnti alls konar verkum.**

Aðspurð segir hún fötlun sína fólgna í þroskahömlun. Hún keppi fyrir hönd Suðra, íþróttafélags fatlaðra á Suðurlandi, en æfi í Ármanni, í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum. „Æfingarnar felast aðallega í að lyfta lóðum en það verður eflaust keppt í ýmsum greinum á mótinu í Ohio," segir hún. En hverju þakkar hún krafta sína?

„Ég þakka kraftana því að ég ólst upp í sveit við hollan mat og sinnti alls konar verkum, til dæmis að lyfta böggum og fóðurbætispokum," segir hún og er spurð nánar út í upprunann. „Ég er undan Eyjafjöllum, bærinn minn heitir Miðmörk. Hann stendur á fallegum stað, og er undir hlíðinni á leiðinni inn í Þórsmörk."

Ohio-ævintýrið verður ekki fyrsta keppnisferð Sigríðar til útlanda. Hún kveðst hafa keppt í frjálsum íþróttum á móti í Kína árið 2007. „Það gekk bara vel. Ég var bara í kraftagreinum þar," rifjar hún upp.

Sigríður mun hafa aðstoðarkonu með sér út til Ohio. „Við förum 4. mars og komum aftur níunda. Þetta er auðvitað heilmikið ferðalag og kostnaðarsamt," segir hún og upplýsir að greinin sé ekki innan ÍSÍ og því fari hún á eigin vegum en með fullum stuðningi síns félags og Íþróttasambands fatlaðra. Mörg fyrirtæki og einstaklingar hafi styrkt hana og fyrir það sé hún afar þakklát. Hún hafi stofnað til happdrættis þar sem þrír góðir vinningar séu í boði, fyrsti vinningur gjafabréf í fjögurra rétta sælkerakvöldverð á Hótel Rangá að verðmæti 25.000. Þeir einstaklingar sem styrki hana um 10.000 krónur eða meira fari í pottinn. „Ég dreg þrjá heppna vinningshafa úr pottinum 24. febrúar. Dagskráin á Selfossi mun birta frétt um keppnina að henni lokinni og fyrirtæki geta fengið birt lógóið sitt með þeirri frétt, ef þau vilja styrkja mig um 5.000 að lágmarki. Ég lofa að sjálfsögðu að gera mitt besta."

gun@frettabladid.is

Tríó Sírajón í Hörpu á sígildum sunnudegi

Tríó Sírajón fagnar tíu ára afmæli um þessar mundir. Meðal þess sem fram undan er hjá tríóinu eru tónleikar í Norðurljósasal Hörpu næsta sunnudag, 23. febrúar klukkan 16. Þeir tilheyra tónleikaröðinni Sígildum sunnudögum.

Hljómsveitina skipa þau Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanóleikari, Einar Jóhannesson klarínettuleikari og Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari. Þau eru öll afkomendur séra Jóns Þorsteinssonar í Reykjahlíð og þar er komin kveikjan að nafni tríósins.

Á tónleikunum sem bera heitið Tríótónar úr austri og vestri munu þau Anna Áslaug, Einar og Laufey leika verk eftir Sjostakovitsj, Katsjaturian, Poulenc, Arutiunian, Pál Pampichler Pálsson og Atla Heimi Sveinsson. Verk þess síðastnefnda ber heitið Minning og er samið til minningar um Ragnar Björnsson, kórstjóra, organista og tónskáld. Það hefur ekki verið flutt á tónleikum fyrr.



Tónleikarnir á sunnudaginn eru upptaktur að för Sírajóns til Kanada.

Tríóið ætlar að halda til Kanada í lok apríl þar sem það mun leika á tvennum tónleikum í Calgary, auk þess að kenna og halda masterclass fyrir efnilega nemendur. – gun

FÓLK
FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR 2020

Tíska



Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir, sviðshöfundur, sérfræðingur í samfélagsmiðlum og sprellikona með meiru fermdist árið 2003. Hún sér ekki eftir neinu. →8



Fermingartískan hjá Galleri 17 er fjölbreytt að venju. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það er hefðbundinn sparifatnaður eða frjálslegur.

Galleri 17 leiðandi í fermingartískunni

Galleri 17 hefur verið leiðandi í fermingartísku frá árinu 1985. Fötin eru hönnuð sérstaklega með það fyrir augum að krökkunum líði vel á þessum stóra degi. Starfsfólkið fær miklar þakkir frá foreldrum þegar dressið er fundið. →2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Talsvert hefur borið á því að þeir sem borguðu snemma inn á bíla hjá Tesla í Bandaríkjunum væru ekkert endilega framar í röðinni en aðrir sem pantað hafa bíla. Í svari til íslensks viðskiptavinar frá Tesla kemur fram að búast megi við afhendingum bílanna í mars þrátt fyrir að stormar í Evrópu hafi valdið vandamálum. Bílarnir koma í stórum bílaflutningaskipum yfir Atlantshafið. „Þó að þú hafir tryggt þér eintak tímanlega gæti vinur þinn fengið bíl á sama tíma og þú“ segir í svari Tesla. „Bílarnir koma í stórum sendingum til Íslands og afhendingartími ræðst af afgreiðslu nýrrar dreifingarstöðvar okkar á Íslandi.“ Tesla á Íslandi hefur nýlega tekið húsnæði Honda umboðsins fyrrverandi í Vatnagörðum á leigu tímabundið til að flýta fyrir afhendingu bílanna. Búast má því við að Tesla bílum fari að fjölga umtalsvert á götunum þegar líða fer á vorið.



Fréttablaðið hafði Tesla Model 3 til reynsluaksturs á dögunum en nánar verður fjallað um bílinn í bílablaðinu 3. mars. MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA



HELLY HANSEN

DAGAR

Mikið úrval af vönduðum Helly Hansen fatnaði í verslunum Icewear Magasín fyrir herra, dömur og börn.

Opið til kl. 21:00.

40% afsláttur

af öllum Helly Hansen úlpum.

ICEWEAR MAGASÍN

SMÁRALIND · LAUGAVEGUR 91



Þetta er búinn að vera ótrúlega skemmtilegur tími, segir Egill Eðvarðsson um vinnuna og samstarfið í leikritinu Útsending sem Þjóðleikhúsið sýnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Enginn sólódans

Egill Eðvarðsson gerir leikmyndina í leikritinu Útsending sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu. Segir verkefnið mjög krefjandi. Fyrsta leikhúsreynslan tengist Gullna hliði Davíðs Stefánssonar.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þjóðleikhúsið frumsýnir leikritið Útsendingu eftir Lee Hall á morgun, föstudaginn 21. febrúar. Leikritið, sem er byggt á frægri kvikmynd, er í leikstjórn Guðjóns Davíðs Karlssonar, en einvalalið leikara fer með helstu hlutverk og má þar nefna Pálma Gestsson, Þröst Leó Gunnarsson, Birgittu Birgisdóttur, Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, Atla Rafn Sigurðsson, Arnar Jónsson og Sigurð Sigurjónsson.

Egill Eðvarðsson, einn reyndasti sjónvarpsmaður landsins, er leikmyndahönnuður verksins, en Egill er ekki alls ókunnur leikhúsinu þótt þetta sé fyrsta leikmyndaverkefni hans fyrir Þjóðleikhúsið. Árið 1990 leikstýrði hann vinsælli sýningu, Örfá sæti laus, fyrir leikhúsið og hefur í gegnum starf sitt hjá RÚV tekið upp fjölda leiksýninga fyrir sjónvarp, meðal annars stjórnaði hann fyrstu beinu sjónvarpsútsendingunni af leiksviði árið 1997, leikriti Ólafs Hauks Símonarsonar, Þrek og tár, og síðar Englum alheimsins.

„Þetta er búinn að vera ótrúlega skemmtilegur tími og verkefnið krefjandi. Starfsmenn leikhússins eru klassafólk, sem undir handleiðslu frábærs leikstjóra lætur manni finnast að það sem maður hefur fram að færa sé á stundum bara ágætlega heppnað," segir hann.

Frábær túlkun Pálma

Útsending byggir á kvikmyndinni Network frá árinu 1976. Söguþráðurinn er í stuttu máli sá, að Howard Beale, fréttalesara hjá bandarískri sjónvarpskeðju, er sagt upp störfum eftir 25 ára starf vegna lélegs áhorfs. Í framhaldi af því tilkynnir hann áhorfendum sínum að eftir viku muni hann svipta sig lífi í beinni útsendingu, en um leið rjúka áhorfstölur upp. Beale er beðinn um að vera áfram á skjánum og fer þá að tjá sig um alls kyns þjóðfélagsmál, hræsni og blekkingar yfirvalda og hvetur um leið almenning til að rísa upp og mótmæla öllu óréttlæti. Paddy Chayefsky skrifaði handritið að myndinni og Sidney Lumet leikstýrði. Í aðalhlutverkum voru Peter Finch, Fay Dunaway og William Holden. Myndin vann til fernra Óskarsverðlauna, þar á meðal fyrir handrit, og Finch og Dunaway voru svo verðlaunuð fyrir bestan leik í karl- og kvenhlutverkum. „Þetta er klassamynd," segir Egill. „Það að verkið hafi á sínum tíma verið skrifað sem ýkt satíra en sé nú tæpum 50 árum síðar raunveruleikinn sjálfur, er nánast óraunverulegt."

Sýning Breska þjóðleikhússins á verkinu, sem var á fjölunum í London 2017-2018 og í New York 2018-2019, var tilnefnd til fjölda verðlauna og leikarinn góðkunni Bryan Cranston hlaut alls fimm virt leiklistarverðlaun fyrir leik sinn í aðalhlutverkinu. „Ég rétt missti af því að sjá þessa sýningu þegar við hjónin vorum á ferð í New York síðastliðið vor. Tveimur dögum eftir heimkomu hringdi Ari Matt, þáverandi leikhússtjóri, í mig og bað mig um að taka að mér leikmyndahönnun í sýningunni, en stuttu síðar lauk sýningum verksins fyrir vestan. Ég hefði gefið mikið fyrir að sjá Cranston í þessu hlutverki, en læt mér duga Pálma, sem ég held reyndar að vinni verðskuldaðan leiksigur með frábærri túlkun sinni á Howard. Já, Pálmi verður eftirminnilegur öllum þeim sem sjá hann í þessu brjálaða hlutverki."

Útsending gerist að stórum hluta í upptökuveri sjónvarpsstöðvar, en þar ætti Egill að vera öllum hnútum kunnur eftir nær 50 ár í starfi upptökustjóra í sjónvarpi, en auk þess koma við sögu ýmis leikrými sem hann leysir á haganlegan hátt. „Við Gói ákváðum strax að láta tímabilið ekki takmarka okkur, það er að segja árin 1975-1976, heldur tileinka okkur það sem þar á við, einmitt af því að verkið höfðar sömuleiðis til okkar tíma. Við leyfum frjálslegri útlitstúlkun að ráða ferð. Við erum engan veginn að búa hér heimildarmynd eða heimildarsýningu," segir Egill.

> **ÞAÐ AÐ VERKIÐ HAFI Á SÍNUM TÍMA VERIÐ SKRIFAÐ SEM ÝKT SATÍRA EN SÉ NÚ TÆPUM 50 ÁRUM SÍÐAR RAUNVERULEIKINN SJÁLFUR, ER NÁNAST ÓRAUNVERULEGT.**

Þjóðskáldið frá Fagraskógi

En aftur að leikhúsinu. Og er þar eitthvað, sem Egill minnist umfram annað í áranna rás.

„Já, heldur betur, ein fyrsta minning mín úr leikhúsi og hvað eftirminnilegust, er þegar ég líklega níu eða tíu ára gamall fór með pabba niður í Samkomuhús á Akureyri, en pabbi var nokkurs konar hirðljósmyndari Leikfélags Akureyrar í áratugi og tók ljósmyndir af öllum sýningum félagsins. Á meðan ljósmyndataka fór fram á sviði var ég eitthvað að sniglast baka til, þegar ég ratаði allt í einu inn á förðunaraðstöðu leikara, þar sem mér brá heldur betur í brún við að sjá feita og slímuga rottu skjótast hjá og augnabliki síðar sjálfan andskotann stökkva fram úr fylgsni í áttina að mér, ógnandi með grettum, geiflum og tilheyrandi fnæsi. Ég hljóp lafhræddur inn í sal, reyndar óvart inn á svið og lenti þá skemmtilega inn á mynd pabba af Lykla-Pétri og öllu hans heilaga slekti fyrir framan aðganginn að himnaríki. Þarna var sem sagt verið að æfa Gullna hliðið eftir Davíð og „óvinurinn", sem Árni Jónsson, síðar amtsbókavörður á Akureyri, lék, var sá hinn ógnvekjandi baksviðs. Engin feit rotta var þarna á ferðinni heldur hafði Árni leikið sér að því að hræða mig með því að sveifla loðnu skotti djöfulsins við fætur mér.

Ég átti mörgum sinnum eftir að upplifa þessa hræðslustund þegar góður vinur pabba kom í heimsókn heim í Möðruvallastrætið og þá alltaf góðglaður. Þar sem þetta var stakt bindindisheimili, nema á miðvikudögum, hleypti mamma þessum allt of stóra og mikilúðlega manni á þykkum svörtum frakka ekki lengra inn en í forstofuna þar sem þeir pabbi töluðust við. Gesturinn fór með alls kyns stóryrði í bundnu máli um illfygli, vætti, vofur og drauga og talaði hátt og hrópaði: „Draugar og vofur dönsuðu um pallinn og drápu þar hesta við stallinn."

Já, sjálft þjóðskáldið frá Fagraskógi fór þar með heilu prólógana á litlum snjáðum eldhúskolli og fékk í mesta lagi eitt eða tvö staup af Grahams-sherry fyrir gjörninginn af áfengisbirgðum sem tilheyrðu vikulegum bridgeklúbbi mömmu á miðvikudögum."

En nú er það sem sagt Útsending á föstudaginn og Egill ábyrgur fyrir útliti sýningarinnar.

„Eins og í vel flestum skapandi verkefnum er þetta sem fyrr sannarlega ekki neinn sólódans," segir Egill. „Ég er í góðum hópi fyrsta flokks fagfólks. Auk smiða og málara er förðunardeildin í essinu sínu, Halli á ljósum, Helga Stefáns með búninga, Bjössi vinur minn Helga ábyrgur fyrir allri tæknihönnun, Stulli tæknistjóri og Ólöf Erla með grafíkina. Þetta er mikið ball og vonandi hefur okkur tekist að búa til kröftuga sýningu undir dyggri stjórn þess hressandi góða drengs, Góa."



Hinn franski Yan Pascal Tortelier stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands með góðum árangri í Bretlandi.

Sinfó með fimm stjörnur í The Herald og Reviews Gate

Sinfóníuhljómsveit Íslands er komin heim úr mikilli Bjarmalandsför til Bretlands. Hún var farin í tilefni sjötíu ára afmælis sveitarinnar sem einnig verður fagnað í Eldborg þann 5. mars.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Edinborg hlutu fimm stjörnu dóm í The Herald og fjórar stjörnur í The Scotsman. Þeir hljómuðu í Usher Hall og voru áttundu og síðustu tónleikar sveitarinnar í vel heppnaðri tónleikaferð um Bretland dagana 8. til 16. febrúar. Hún lék í mörgum af virtustu húsum landsins, meðal annars Symphony Hall í Birmingham og Royal Concert Hall í Nottingham.

Stjórnandi sveitarinnar var Yan Pascal Tortelier, fyrrverandi aðalhljómsveitarstjóri hennar. Anna Þorvaldsdóttir, staðartónskáld hljómsveitarinnar, var með í för, enda var verk hennar, Aeriality, flutt á öllum tónleikum ferðarinnar. Tveir heimskunnir píanóleikarar komu til liðs við sveitina, þau Jean-Efflam Bavouzet og Yeol Eum Son, sem skiptust á að flytja píanókonsert Ravels. Einnig lék hljómsveitin L'Arlesienne svítuna eftir Bizet og sinfóníu nr. 1 eftir Sibelius.

> **BLÓÐHEIT SPILAMENNSKA ÁSAMT STEFNUFASTRI TÚLKUN SKILDI ÁHEYRENDUR EFTIR ÞYRSTA Í AÐ HEYRA MEIRA.**

Hljómsveitin hefur hlotið mikið lof á tónleikaferðalaginu. Gagnrýnandi Reviews Gate gaf tónleikunum í Nottingham einnig fimm stjörnur og sagði: „Blóðheit spilamennska ásamt stefnufastri túlkun skildi áheyrendur eftir þyrsta í að heyra meira."

Með ferðinni fagnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands 70 ára afmæli sínu, hún hélt sína fyrstu tónleika 9. mars 1950. Þetta var fyrsta tónleikaferð hennar um Bretland en áður hefur hún haldið eina tónleika í London, á Proms-tónlistarhátíð BBC árið 2014.

gun@frettabladid.is



Leikararnir Birna Pétursdóttir og Jóhann Axel Ingólfsson lesa á milli lína og skálda í eyður.

Djákninn snýr aftur

Vegna mikilla vinsælda snýr hin farsakennda meðhöndlun á þekktustu draugasögu Íslandssögunnar aftur í Samkomuhúsið á Akureyri nú um helgina – og aðeins nú um helgina. Um samvinnu Leikhópsins Miðnætti við Leikfélag Akureyrar er að ræða.

Djákninn á Myrká – Sagan sem aldrei var sögð – sló rækilega í gegn á síðasta leikári. Leikarar eru Jóhann Axel Ingólfsson og Birna Pétursdóttir sem draga fram hverja persónuna á fætur annarri, lesa á milli línanna og skálda í eyðurnar.

„Djákninn er genginn aftur! Sýningin var sýnd fyrir fullu húsi í maí síðastliðinn og færri komust að en vildu," segir Agnes Wild, leikstjóri sýningarinnar.

Djákninn á Myrká – Sagan sem aldrei var sögð er hryllilegt gamanverk fyrir alla fjölskylduna sem fær áhorfendur til að veltast um af hlátri og eins og áður er komið fram er aðeins um þessa einu sýningarhelgi að ræða. **– gun**

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

20. FEBRÚAR 2020

Hvað? Opið hús
Hvenær? 13.00-14.00
Hvar? Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, Lækjargötu 14a
Gestur er Þorvaldur Víðisson biskupsritari. Gómsætar veitingar og góður félagsskapur. Klukkan 16.45-17.00 er tíðasöngur í Dómkirkjunni og kl. 18.00 orgeltónleikar Kára Þormar.

Hvað? Útgáfu fagnað
Hvenær? 14.00
Hvar? Veröld – hús Vigdísar
Ritstjórar og þýðendur kynna nýjustu útgáfur Vigdísarstofnunar; bækurnar Raddir frá Spáni – sögur eftir spænskar konur og Hernaðarlist Meistara Sun. Einnig nýjasta hefti tímaritsins Milli mála, í rafrænni útgáfu. Boðið upp á léttar veitingar. Öll velkomin!


Hvað? Djákninn á Myrká – Sagan sem aldrei var sögð
Hvenær? 20.00
Hvar? Samkomuhúsið Akureyri
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Miðnætti er fyrsta sýning af fimm yfir þessa helgi. Leikararnir Jóhann Axel Ingólfsson og Birna Pétursdóttir draga fram hverja persónuna á fætur annarri, lesa á milli línanna og skálda í eyðurnar.

Hvað? Eyfi
Hvenær? 21.00-23.00
Hvar? Petersen svítan, Ingólfsstræti
Eyjólfur Kristjánsson mun flytja sín þekktustu lög í bland við íslenskar og erlendar dægurperlur.
Frítt inn.



Eyjólfur Kristjánsson tekur sín bestu lög í Petersen svítunni.





AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5 í Reykjavík, fimmtudaginn 12. mars 2020 kl. 9:00.

Athygli hluthafa er vakin á því að þann 6. desember 2017 voru viðskipti með hlutabréf Össurar hf. sameinuð í kauphöll Nasdaq Copenhagen. Þá var öllum hlutabréfum Össurar hf. sem voru til viðskipta í Kauphöll Íslands umbreytt í hlutabréf sem eru til viðskipta í kauphöll Nasdaq Copenhagen. Við umbreytinguna voru hlutabréfin færð á safnreikninga og frá þeim tíma hafa hluthafar ekki verið skráðir undir eigin nafni í hlutaskrá Össurar hf.

Hluthafar sem vilja nýta atkvæðisrétt sinn á aðalfundinum þurfa því að afla fullnægjandi staðfestingar á eignarhlut sínum frá þeirri fjármálastofnun sem er með hlutabréf þeirra í vörslu. Hluthafar eru hvattir til að afla staðfestingar frá vörsluaðila sínum sem fyrst svo unnt sé að tryggja að atkvæðisrétturinn verði virkur á aðalfundardegi.

Hluthafar geta nálgast dagskrá fundarins, fundargögn og nánari upplýsingar um aðalfundinn á heimasíðu Össurar hf.: www.ossur.com/investors/AGM



DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Heilsugæslan Í þættinum fær Helga María til sín sérfræðinga í heilsumálum ásamt því að fá ráð um hreysti og heilsu frá þekktum einstaklingum.

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. e.
12.50 Menningin
13.00 Gettu betur 1994
13.50 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
14.05 Landinn 2010-2011
14.35 Ævi
15.05 Bannorðið
16.05 Lestarklefinn
17.00 Matur: Gómsæt vísindi
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.16 Anna og vélmennin
18.38 Handboltaáskorunin
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir.
19.50 Menningin
20.05 Andrar á flandri Þáttaröð í sex hlutum þar sem nafnarnir og sjónvarpsmennirnir Andri Freyr Viðarsson úr þáttunum Andri á flandri og Andri Freyr Hilmarsson úr Með okkar augum leggja land undir fót og er ferðinni heitið til Bretlandseyja. Þar freista þeir þess að hitta átrúnaðargoð Andra Freys Hilmarssonar, Mr. Bean. Á meðan Andri Freyr Viðarsson reynir að komast í samband við leikarann Rowan Atkinson nota nafnarnir tímann og skoða sig um á Bretlandseyjum.
20.35 Merkisdagar – Brúðkaup Danskir þættir þar sem við skoðum merkisdaga í lífi okkar. Í þremur þáttum segja þrjár ólíkar kynslóðir frá brúðkaupinu sínu, fermingunni og skírninni.
21.10 Gæfusmiður
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Okkar á milli
22.50 Á önglinum
23.40 Bjargið mér
00.25 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 TOTO Japan Classic
11.40 WGC: Mexico Championship
18.35 Inside the PGA 2020
19.00 Mexico Championship

SJÓNVARP SÍMANS

11.30 Dr. Phil
12.11 The Late Late Show
12.51 Everybody Loves Raymond
13.13 The King of Queens
13.35 How I Met Your Mother
13.56 Dr. Phil
14.36 A.P. BIO
14.57 This Is Us
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 American Housewife
19.40 Single Parents
20.10 Top Gear: Winter Blunderland
21.00 The Resident
21.50 The L Word: Generation Q Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Tíu árum eftir að við skildum við vinkonurnar eru þær mættar aftur og við fáum að fylgja þeim í gegnum súrt og sætt.
22.35 Love Island
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 Law and Order: Special Victims Unit
01.35 Wisting
02.20 Perpetual Grace LTD
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp UngRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óperukvöld Útvarpsins: La Bohème
21.05 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmar
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.35 Matilda
11.10 Stepmom
13.15 Ocean's Thirteen
15.15 Matilda
16.55 Stepmom
19.00 Ocean's Thirteen
21.00 Maudie
22.55 The Dark Tower
00.30 The Neon Demon
02.25 Maudie

STÖÐ 2

08.00 Kevin Can Wait
08.20 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gossip Girl
10.05 Veep
10.40 Major Crimes
11.25 Hand i hand
12.05 Dýraspítalinn
12.35 Nágrannar
13.00 Goosebumps 2: Hunted Halloween
14.30 Lego Movie 2: The Second Part
16.15 Í eldhúsi Evu
16.50 Making Child Prodigies
17.20 Stelpurnar
17.40 Bold and the Beautiful
18.01 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.51 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Curb Your Enthusiasm Larry David snýr aftur í óborganlegum gamanþáttum og hann hefur svo sannarlega engu gleymt. Eins og áður leikur Larry sjálfan sig og hann ratar af óskiljanlegum ástæðum sífellt í vandræði. Í heimi þar sem almenn leiðindi eru skemmtilegust og óþolinmæði og smámunasemi eru fremstar allra dyggða, þar er Larry David ókrýndur konungur. Enginn, hvorki fyrr né síðar, hefur afrekað að gera almenn leiðindi eins óendanlega fyndin.
19.50 Battle of the Fittest Couples Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem tólf fílhraust pör keppa um titilinn „Hraustasta parið". Pörunum er öllum komið fyrir undir sama þaki þar sem þau etja kappi í æsispennandi þrautum og æfingum.
20.35 NCIS
21.20 S.W.A.T.
22.05 Magnum P.I.
22.50 Real Time With Bill Maher
23.50 Steinda Con - Heimsins furðulegustu hátíðir
00.20 The Sinner
01.05 Game Of Thrones
02.00 Game Of Thrones
03.00 Game Of Thrones
04.00 Game Of Thrones
04.55 Game Of Thrones

STÖÐ 3

19.05 The Big Bang Theory
19.30 Camping
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Who Killed Garrett Phillips?
22.10 Who Killed Garrett Phillips?
23.55 The Simpsons
00.20 American Dad
00.45 Seinfeld
01.10 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.10 AC Milan - Torino
08.50 Ítölsku mörkin 2019/2020
09.20 Selfoss - Afturelding
10.50 Seinni bylgjan
12.20 KR - Haukar
14.00 Atalanta - Valencia
15.40 Tottenham - Leipzig
17.20 Meistaradeildarmörkin
17.45 Club Brugge - Manchester United
19.50 Olympiacos - Arsenal
22.00 FC Kaupmannahöfn - Celtic
23.40 Wolves - Espanyol

STÖÐ 2 SPORT 2

17.45 FC Kaupmannahöfn - Celtic
19.50 Wolves - Espanyol

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

NÝTT

NÓA

FUNHEIT NÝJUNG!



TAKMARKAÐ MAGN

LAKKRÍSPERLUR
HJÚPAÐAR HVÍTU SÚKKULAÐI
MEÐ CHILI-LAKKRÍSDUFTI

NÓI SÍRÍUS

cocoa HORIZONS



Aldís Pálsdóttir hefur meðal annars unnið fyrir Nike, Bio Effect og Lancôme auk þess að hafa stjórnað ljósmyndadeild tímaritaútgáfunnar Birtíngs.



Dröfn Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri Origo.



Allra augu voru aldrei þessu vant á ljósmyndurunum.



Heiða Helgadóttir hefur meðal annars starfað á Fréttablaðinu, Stundinni og Birtíngi.

Þriggja kvenna sýn

Ljósmyndararnir Aldís, Laufey og Heiða deildu reynslu sinni og sýn á reynsluheim og ólíkar aðferðir kvenna í atvinnuljósmyndun.

Hvers konar sögur fanga konur í ljósmyndun? Þrír ólíkir atvinnuljósmyndarar, allt konur, vel að merkja, svöruðu þessari spurningu á myndrænni samkomu hjá Origo í Borgartúni á þriðjudagskvöld. Þær Aldís Pálsdóttir, Heiða Helgadóttir og Laufey Ósk Magnúsdóttir sögðu frá því hvernig þær nálgast og fanga viðfangsefni sín, en þær eru þekktar fyrir að vinna með ólík myndefni.

Alþjóðlegar tölur sýna að konur eru miklu færri en karlmenn í stétt atvinnuljósmyndara og margt bendir til þess að þær fangi viðfangsefni sín með öðrum hætti en karlmenn. Þær hafi til dæmis miklu ríkari tilhneigingu til að nota myndavélar sínar, linsur og sjónarhorn til þess að segja sögur og miðla tilfinningum.

Aldís hefur meðal annars unnið fyrir Nike, Bio Effect og Lancôme auk þess að hafa stjórnað ljósmyndadeild tímaritaútgáfunnar Birtíngs. Heiða er margverðlaunaður, sjálfstætt starfandi ljósmyndari og fréttaljósmyndari sem hefur ekki síður vakið athygli með listrænum ljósmyndum sínum en þeim fréttatengdu.

Laufey Ósk Magnúsdóttir rekur sína eigin stofu þar sem hún er oftar en ekki með fókusinn á tengslum og kærleikanum í fjölskyldum, auk þess sem hún sérhæfir sig í fermingarljósmyndun. **steingerdur@frettabladid.is**



Áhugasamir gestir hlustuðu af athygli á atvinnukonurnar þrjár.

Að taka til bragðs

Doktor.is

Þetta er skemmtilegt orðatiltæki og þýðir að grípa til úrræðis sem getur verið margháttuð meining á bak við. Flestir þekkja orðasamböndin að vera glaður í bragði eða að falla á eigin bragði svo dæmi séu tekin. Bragðið er notað í margvíslegri merkingu í tungumálinu og í raun og veru er sjaldnast verið að ræða bragðskynið sjálft sem er býsna flókið fyrirbæri. Það eru sumir sem hafa svokallað gott bragðskyn og þá er oftar en ekki um að ræða aðila sem geta greint mismunandi tegundir af kryddi í mat, skynja hvers kyns ber eða önnur bragðefni eru í víni, hafa skoðun á því hvað vantar í rétti til dæmis og þannig mætti lengi telja.

Það er vitaskuld þjálfun á bak við þetta eins og svo margt annað og eru fagmenn eins og kokkar eða vínsmakkarar og auðvitað áhugamenn miklir í þeirri stöðu að muna og þekkja á bragði og lykt það sem þeir neyta. Bragðskynið er byggt upp af nokkrum þáttum sem spila saman. Það er auðvitað tungan sem nemur sætt, súrt, beiskt og salt og svo umami sem er kallað „savory“ eða bragðmikið á ensku. Áferð skiptir miklu máli og hitastig þess sem neytt er og ekki má gleyma lykt sem er auðvitað numin í gegnum nefið fyrst og fremst. Bragðlaukarnir í tungunni og viðtakar í nefinu eru þeir sem skila þessum skilaboðum til heilans og meðvitundar okkar um það sem við erum að borða, drekka eða þefa af hverju sinni. Við skiljum þetta kerfi ekki enn að fullu en við vitum af reynslunni að það má tengja ýmsar minningar og upplifanir við bragðskynið.

Það er því býsna merkilegt líka að ef upplifun, til dæmis af einhverju matarkyns, er þess eðlis að viðkomandi líður vel þegar hann fyrst kemst í kast við þann rétt, ef við einföldum þetta aðeins, þá eru allar líkur á því að hann eigi jákvæðar minningar bæði um matinn sjálfan og finni fyrir vellíðan við það eitt að hugsa til hans. Það má svo líka segja að þegar þess sama er neytt að nýju geti það kveikt minningar, bæði góðar og slæmar. Hver kannast ekki við að finna bragðið af matnum hennar mömmu, uppáhaldsréttinum, það kann að vera að maður geti ekki útskýrt það fyrir öðrum hvaða krydd eða jurtir, salt og pipar og svo framvegis voru notaðar, en þú hefur alist upp við bragðið og þekkir það um leið og þú kemst í snertingu við það aftur.






Í þessu samhengi er líka oft talað um „comfort food“ eða vellíðunarfæðu sem flestum þykir sjálfkrafa góð og hefur ekki neitt endilega með minningar að gera eða fyrri upplifun. Þar er verið að plata kerfið með samsetningum á fæðu sem er svo góð að nær allir eru tilbúnir að neyta hennar bragðsins vegna. Þarna erum við að tala um þær fullkomnu samsetningar fitu og sykurs eins og ís eða viðlíka. Það er líka merkilegt að í tengslum við bragð má ekki gleyma augunum því þau eru mjög mikilvægur þáttur í skynjun okkar. Þau gera okkur kleift á svipstundu að átta okkur á því hvort það sem fyrir framan okkur er eitthvað sem við viljum láta ofan í okkur, þekkjum af reynslu eða höfnum vegna þess að það vekur með okkur óhug.

Það að borða skordýr er ekki ýkja kræsilegt almennt, en þau eru eftir eldun oftar en ekki stökk og skel þeirra hörð undir tönn, en með réttu kryddi og sérstaklega ef maður ekki sér hvað er verið að borða, eru þau yfirleitt innbyrt með bestu lyst nú eða ef maður hefur smakkað þau áður og fundist gómsæt þá er maður reiðubúinn að borða þau aftur, rétt eins og aðra fæðu. Jamie Oliver sá frægi kokkur gerði tilraun á skólakrökkum og fékk þau til að borða grænmeti sem þeim fannst venjulega ekki gott eða spennandi. Hann breytti áferð, bragði og meira að segja lit og fékk þannig börnin til að borða holla fæðu sem þeim annars hefði ekki hugnast. Það er skemmtilegt að sjá þegar slíkt er gert og minnir okkur á hversu mikið aðalhlutverk heili og skynjun okkar spilar í því sem við borðum og drekkum ekki síður en það umhverfi sem við gerum slíkt í með tilvísun í eldhúsið hennar mömmu.

Teitur Guðmundsson
læknir







Viktor Weisshapel fangar flókið líf í nútímanum með löngum löppum í fínum skóm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lífshlaup á löngum leggjum

Grafíklistamaðurinn **Viktor Weisshappel** stígur fram á löngum leggjum og pússuðum skóm um helgina þegar hann afhjúpar afrakstur tilrauna sinna til þess að myndgera flókið nútímalífið á kómískan hátt.

Viktor Weisshappel opnar sýninguna Lífshlaupið í Máli og menningu á laugardaginn en yfirskrift sýningarinnar segir hann vísa til hraðans í samfélaginu sem verður stöðugt meiri frá degi til dags.

Sýningin stendur á löngum löppum í jakkafataskóm sem birtast í útskornum veggverkum sem listamaðurinn segir ætlað að myndgera á kómískan hátt hversu erfitt getur verið að lifa og fóta sig í núinu.

KVÍÐI, REIÐI, FEIMNI, EINMANALEIKI, SORG, ADHD, FÉLAGSFÆLNI, RANGHUGMYNDIR, STRESS, VONLEYSI, ÞUNGLYNDI OG MEÐVIRKNI ERU ÞANNIG ORÐIN AÐ FYLGIHLUTUM SEM ÓÞARFI ER AÐ SKAMMAST SÍN FYRIR.

Skrítnir tímar

„Við gerð nýju verkanna var ég að hugsa um samfélagið í dag. Þetta eru skrítnir tímar sem við lifum akkúrat núna," segir Viktor um innblásturinn sem hann sótti í ólíkar áttir. „Það virðist allt vera að fara til fjandans og fólk er of upptekið til að spá í því. Allir í kappi um að ná sem lengst og brenna jafnvel út í kjölfarið. Ég vildi myndgera þetta á einhvern fyndinn hátt. Verkin samanstanda af löngum útskornum löppum í jakkafataskóm sem sveigjast og teygjast í ýmsar áttir," segir Viktor og bætir við að hugsjónin í verkunum á sýningunni hafi þróast hægt og rólega.

„Formið kom bara eftir á. Fyrst kom hugmyndin og svo fór ég að vinna myndirnar. Þegar þær voru tilbúnar fór ég að hugsa um hvernig lokaafurðin gæti verið. Ég ákvað að skera verkin úr rauðu plexigleri sem hægt er að hengja á vegg.

Fann köllunina í menntó

„Ég var á menntaskólaaldrinum þegar ég áttaði mig á því að mig langaði að verða grafískur hönnuður. Þá byrjaði ég að skanna inn teikningar og vinna þær áfram í tölvunni. Þar opnaðist nýr heimur fyrir manni. Einnig var ég bara hrifinn af alls kyns plötuumslögum og slíku sem leiddi mig í þessa átt," segir listamaðurinn sem lærði grafíska hönnun í Listaháskóla Íslands að loknum menntaskóla. „Árið 2012 byrjaði ég að læra almennilega hvað grafísk hönnun væri og fór að fá áhuga á leturgerðum og uppsetningu."

Eftir námið í LHÍ fór Viktor að vinna á auglýsinga- og hönnunarstofum og sinnti eigin verkefnum samhliða því. „Ég hef mestmegnis verið að vinna hér heima en fór til Stokkhólms að vinna á stofu sem heitir Essen International sem hafði mikil áhrif á nálgun mína. Þar byrjaði ég að kafa dýpra og vinna meiri hugmyndavinnu áður en ég hófst handa. Mér finnst það mikilvægt því hugmyndin er það sem skiptir mestu máli," segir Viktor.

Ódysseifskviða hönnuða

„Ég var að opna hönnunarstofu með Alberti Muñoz," segir Viktor þegar talið berst að þeim mörgu járnum sem hann er með í eldinum. „Við vorum að vinna saman á Jónsson & Lemack's og ákváðum að opna eigin stofu sem ber nafnið Ulysses. Við sérhæfum okkur í mörkun með það að markmið að skapa grípandi ásýnd fyrir okkar kúnna og framkvæma djarfar hugmyndir."

Þá rekur Viktor einnig prentsölu ásamt Þórði vini sínum. „Við erum að selja prent eftir breiðan hóp listamanna og viljum virka sem hvetjandi afl í listflóru Íslands. Við leggjum upp úr breiðu úrvali verka og að það endurspegli þá grósku sem ríkir í íslensku prenti og myndlist. Vefnum er ætlað að hvetja til sköpunar og auðvelda milliliðalaus kaup á íslensku prenti," segir hann.

Alls konar umslög

Viktor hefur aldrei misst sjónar á plötuumslögunum sem höfðu mótandi áhrif á hann í byrjun og fjölmörg verkefna hans tengjast tónlist á einhvern hátt og þá ekki síst hljómplötum.

„Ég er heppinn að eiga vini í tónlist og listum og hef gaman af því að vinna með þeim í alls kyns verkefnum," segir Viktor sem hlaut nýlega verðlaun frá ADCE fyrir Útmeðabæturnar sem hann gerði fyrir Geðhjálp og Rauða krossinn. Með verkefninu tók hann fyrir tilfinningar og andlegt ástand sem fólk er gjarnt á að fela og bera í hljóði.

„Ég gerði ellefu bætur sem hægt er að strauja á föt og bera þannig utan á sér. Kvíði, reiði, feimni, einmanaleiki, sorg, ADHD, félagsfælni, ranghugmyndir, stress, vonleysi, þunglyndi og meðvirkni eru þannig orðin að fylgihlutum sem óþarfi er að skammast sín fyrir."

Gallery Port: Upplagt stendur að sýningunni sem verður opnuð á laugardaginn klukkan 16 í Máli og menningu við Laugaveg 18.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrimsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

GOTT FYRIR HELGINA Í NETTÓ!

Kalkúnasneiðar
Ísfugl
1.791 KR/KG
ÁÐUR: 2.889 KR/KG
-38%





KJÖTBORÐ
Lambabógur
890 KR/KG
ÁÐUR: 1.099 KR/KG



-23%
Heilt lambalæri
Fjallalamb
999 KR/KG
ÁÐUR: 1.298 KR/KG



-26%
Kjúklingalundir
Ísfugl
1.997 KR/KG
ÁÐUR: 2.698 KR/KG



Saltkjöt
Blandað - Kjötsel
764 KR/KG
ÁÐUR: 899 KR/KG





Saltkjöt
Sérvalið - Kjötsel
1.698 KR/KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG



-31%
KJÖTBORÐ
Grísalund
1.586 KR/KG
ÁÐUR: 2.299 KR/KG




-30%
Berlínarbolla
69 KR/STK
ÁÐUR: 99 KR/STK

Appelsínur
125 KR/KG
ÁÐUR: 249 KR/KG
-50%



nettó
Lægra verð – léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 20. - 23. febrúar

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ*

**Skv. könnun Fréttablaðsins*

FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTELRÚM – HEIM TIL ÞÍN –

Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er nú á kynningarverði í Betra Baki auk þess sem nótt á Hilton Reykjavik Nordica ásamt morgunverði fyrir tvo og aðgangi að Hilton Reykjavik Spa fylgir kaupum á Sertarúmi í febrúar – mánuði elskenda.

CLASSICO



YORK



LIGNE



MAGNIFIQUE



5 STJÖRNU HÓTELRÚMIN frá Serta eru framleidd til að fullnægja ýtrustu kröfum. Fjaðrandi botn gefur 5 svæða heilsudýnunni óviðjafnanlega fjöðrun og stuðning, lúxus yfirdýnan lagast að þér og þér líður eins og þú svífir. Velkomin í þitt 5 stjörnu heilsurúm, heima hjá þér – allar nætur – alltaf.

CLASSICO, YORK OG LIGNE eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðmasvæði. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnunni eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf, úr kaldpressuðum svampi og vinnur vel á móti fjöðruninni í botni og dýnu.

MAGNIFIQUE rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fáanlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að velja mismunandi fætur og einnig eru fáanleg náttborð í stíl.

Verð frá: Classico 160 x 200 cm (botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)

Kynningarverð: 296.650 kr

Fullt verð: 349.000 kr. (með Hilton Reykjavik Nordica kaupauka 385.000 kr.)




Í FEBRÚAR

fylgir nótt fyrir tvo á **Hilton Reykjavik Nordica**, ásamt morgunverði og aðgangi að **Hilton Reykjavik Spa**, kaupum á rúmi frá Serta.

Verðmæti: 36.000 kr.

Hilton
REYKJAVIK NORDICA



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Serta®

5 STAR COLLECTION





Serta

Betra BAK

Hilton
REYKJAVIK NORDICA

– FEBRÚAR –
MÁNUÐUR ELSKENDA

SERTA ER OPINBER SAMSTARFSADILI
HILTON WORLDWIDE
HÓTELKEÐJUNNAR

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Betra BAK

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg. ehf

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



BAKÞANKAR



Kolbeins Marteinssonar

Skynsemin ræður

Af hverju ætla ég að fá mér rafbíl núna?

Jú, af því að tíminn fyrir rafbíl hefur aldrei verið betri. Á markaðinn eru komnir bílar sem draga auðveldlega 500 km á einni hleðslu og fyrir venjulegt íslenskt heimili er það nóg í 99% tilfella. Einnig er kominn markaður fyrir notaða bíla sem fást nú á einkar góðu verði.

Í verstu frosthörkum minnkar drægnin en það kemur ekki að sök því búið er að leggja hraðhleðslustöðvar hringinn í kringum landið. Orka náttúrunnar og íslensk stjórnvöld mega alveg fá hrós fyrir það. Unnið er að því að koma upp enn kraftmeiri hleðslustöðvum þar sem þörfin er mest, þannig að innviðir eru traustir.

En staðreyndin er sú að ef hægt er að hlaða heima hentar það langflestum og er auk þess ódýrast. Það kostar um þrjár krónur að aka hvern kílómetra á rafbíl en um 11 krónur á sambærilegum sparneytnum dísilbíl. Miðað við 15.000 km akstur er það sparnaður upp á 120.000 kr. á ári. Aldrei þarf að fara með rafbíla í smurningu og viðhaldið er lítið fyrir utan dekk. Rafmagnsverð sveiflast heldur ekki líkt og olía þannig að rekstrarkostnaður liggur fyrir.

Næstu árin munu rafbílaeigendur jafnframt njóta skattleysis frá hinu opinbera, það er að ekki eru lagðir skattar á akstur líkt og jarðefnaeldsneyti. Það er skynsamleg ráðstöfun sem flýtir fyrir orkuskiptum hér á landi og er raunveruleg kjarabót fyrir rafbílaeigendur.

En það sem mestu máli skiptir er að það er miklu skemmtilegra að keyra rafbíla því krafturinn, aksturseiginleikarnir og hljóðleysið gera þá ómótstæðilega. 19. öldin var öld gufuvélarinnar, 20. öldin var öld sprengihreyfilsins og sú 21. mun verða öld rafmótorsins. Gættu að því næst þegar þú kaupir þér bíl.





